



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

1. tölublað
8. árgangur
Febrúar 2006




Sérblað í tilefni 100 ára
afmælis samfellds starfs
verkalýðshreyfingar
við Eyjafjörð



Sendum verkafólki í Eyjafirði afmælistkveðjur

NORÐLENSKA
- landsins gæði

Frábær ár í séreign



Séignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggirnar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og til loka desember 2005 var raunhækkun á Safni I 81,2% og 111,5% á Safni II. Þetta eru hækkanir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkanir á 84 mánuði. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum tíma hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun hefur aldrei orðið neikvæð á tímabilinu. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Nánari upplýsingar um ávöxtun og gengi safna er að finna á heimasíðu sjóðsins www.ln.is. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja lifa á heilusamlegan hátt.


Skýr



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ **HEILBRIGÐUM**
LÍFSSTÍL



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

EFNISYFIRLIT

- 6** Einni kröfunni færra
- Forystugrein Björns Snæbjörnssonar
- 8** Eining-löja og rætur félagsins
- 17** Afmælistýning og vígsluathöfn
minnisvarðans SAMSTÖÐU
- 18** Formannatal á hundrað ára ferli
- 20** Söngur verkamanna
- Ljóð Kristjáns frá Djúpalæk
- 22** Að verja sigrana
- 24** „Ég vil fá tunnuna mína!“
- 28** Löjudeilan á Akureyri
- 32** Þriggja flokka menn
- 34** Krossanesverkfallið árið 1930
- 36** Starfandi verkalýðsfélög í Eyjafirði 2006
- 48** Növudeilan á Akureyri

**Útgefandi:**

Eining-Löja
Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig að
heimildir sé getið.

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:

Fremri kynningarþjónusta
Þórsstíg 4
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 461 3667
fremri@fremri.is
www.fremri.is

Þorsteinn Jónatansson hefur
ýmist tekið saman eða skrifað
verulegan hluta af efni þessa
blaðs. Honum eru færðar
bestu þakkir fyrir verkið, en
þess má geta að Þorsteinn
hefur um árabil unnið að rit-
un sögu verkalýðsstarfs við
Eyjafjörð.

Auglýsingar:

Helgi Kristinsson
Sími 896 5383,
helgi@tf.is

Prentvinnsla:

Ásprent Stíll ehf.
Blaðið er gefið út í 10.000 ein-
tökum og dreift í hvert hús og
fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu.

Dreifing:

Íslandspóstur



**RAFIÐNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**

**RAFIÐNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**

Sterkt samband

Megintilgangur stéttarfélags er hagsmunagæsla – samtakamáttur til að knýja fram betri laun og bætt kjör fyrir félagsmenn. Stéttarfélög hafa lögverndað hlutverk í stjórnkerfi landsins. Hjá þeim liggur samningsrétturinn. Stéttarfélag á að þrýsta á stjórnvöld til aðgerða til að skapa einstaklingum og fjölskyldum betra umhverfi.

Félagsmenn RSÍ

Fjöldi félagsmanna er í dag um 4.800, en var um 450 við stofnun sambandsins árið 1970. Félagsmenn skiptast þannig: rafvirkjar 2000, rafeindavirkjar 850, símamenn 1000, tækni-fólk í rafiðnaði 400, símsmiðir 220, sýningarmenn 30 og nemar í rafiðnum um 300.

Starfsmenntun í rafiðnaðargeiranum

Grunnur kjarabaráttu og atvinnuöryggis rafiðnaðarmanna er fölginn í virkri símenntun og útvíkkun starfssviðs rafiðnaðargreina. Í rafiðnaðargeiranum er öflugt samstarf um starfsmenntamál milli atvinnurekenda og launþega og verja þau umtalsverðum fjármunum árlega til þessa starfs. Liðlega helmingur starfandi rafiðnaðarmanna fer árlega á starfsmenntanámskeið og langflestir í Rafiðnaðarskólann. Einnig eru margir sendir erlendis til framleiðenda nýs tæknibúnaðar.

Styrktarsjóður

Á vegum RSÍ er rekinn öflugur styrktarsjóður. Hann tryggir félagsmönnum 80% af þeim meðallaunum sem félagsmaður hafði næstliðna 6 mán. áður en hann veiktist. Sama gildir ef félagsmaður missir vinnu vegna langvinnra veikinda barna sinna og maka. Auk þess greiðir sjóðurinn útfararkostnað og styrk til eftirlifandi maka og barna undir 18 ára aldri. Sjóðurinn styrkir einnig félagsmenn til líkamsræktar og forvarnastarfs. Hann tekur einnig þátt í ýmsum aðgerðakostnaði, t.d. ófrjósemisaðgerðum og lyfjakostnaði.

Orlofskerfi RSÍ

RSÍ á og rekur 40 orlofshús á 14 stöðum hér á landi og 2 orlofshús í Torreveija á Spáni. Sambandið á 11 tjaldvagna og auk þess eru 2 fellihýsi staðsett í Básum í Þórsmörk. Auk framtalans er sambandið ætíð með á leigu fleiri hús sem eru framleigð í orlofskerfi félagsmanna.

Atvinnuástand í rafiðnaðargeiranum

Atvinnuástand innan rafiðnaðargeirans hefur verið mjög gott. Tvennt ræður þar mestu; ör tækniþróun og mikil og stöðug símenntun rafiðnaðarmanna.

Launaþróun

Launaþróun í rafiðnaðargeiranum hefur verið jöfn. Rafiðnaðarmenn hafa lagt sérstaka áherslu á hækkan daglauna og styttingu vinnutíma. Frá árinu 2000 hafa meðalheildar-mánaðarlaun hækkað um 40% og eru um 360 þús. kr. í dag. Á sama tíma hafa meðaldaglaun hækkað um 52,2% og eru um 270 þús. kr. í dag.

Arðsemi náms í rafiðnaðargreinum

Þegar litið er til náms á framhaldskólastigi kemur í ljós að arðsemi náms í rafeindavirkjun er hæst eða um 16%. Meðaltekjur þeirra eru reyndar hærri en margra háskólamenntaðra hópa. Rafvirkjar fylgja þar fast á eftir með um 13% ávöxtun. Arðsemi náms verkfræðinga er talin vera liðlega 20%, hjá læknum tæplega 20% og hjá viðskipta- og hagfræðingum liggur arðsemin aðeins fyrir neðan rafeindavirkja.

Fjölgun félagsmanna



Launaþróun rafiðnaðarmanna



„Einni kröfunni færra“

Í dag minnumst við þess að 100 ár eru liðin frá því að samfelld starf verkalýðsfélaga við Eyjafjörð hófst. Fyrsta verkalýðsfélagið var raunar stofnað nokkrum árum fyrr, en það dó drottni sínum og í örfá ár þar á eftir voru engin skipulögð samtök verkafólks við Eyjafjörð starfandi. Þann 6. febrúar árið 1906 komu hins vegar 88 framsýnir einstaklingar við Eyjafjörð saman til fundar á Hótel Oddeyri við Strandgötu og stofnuðu Verkamannafélag Akureyrar. Segja má að félagið hafi í fyrstu sinnt hagsmunamálum allra vinnandi karla á Akureyri, annarra en þeirra sem voru háttsettir stjórnendur eða opinberir starfsmenn. Í félaginu voru verkamenn, sjómenn, vélstjórar, ökumenn hestvagna, trésmiðir, múrarar, málara, verkstjórar í einhverjum mæli sem og skipstjórar og jafnvel gullsmiðir og skósmiðir. Hér var því komið félag, sem í raun má segja að sé forveri allra þeirra verkalýðsfélaga sem nú eru starfandi á Eyjafjarðarsvæðinu.

Þegar saga þessa félags er skoðuð er ljóst, að markmiðið með stofnun þess var ekki að sækja fram með nýjar kröfur, í það minnsta fyrst í stað. Tilgangurinn var að verja það sem þegar hafði áunnist. Félagið var fyrst og fremst stofnað til að verjast yfirvofandi kauplækkun, yfirvofandi arðráni ríkjandi auðvaldsstéttar. Það markmið náðist með samstilltu átaki félagsmanna - og þar með var tónninn gefinn: Fyrsti sigur samstilltrar hreyfingar verkafólks var að baki en margar orrustur framundan.

Þótt verkafólkið, sem stóð að stofnun þessa ágæta félags, væri framsýnt, má draga í efa að það hafi séð afrakstur starfsins fyrir, í það minnsta þegar til lengri tíma er litið. Sagan sýnir að þaðan í frá varð ekki aftur snúið: Dagvinnutími stýttist úr 10 tímum í 8, greiða þurfti hærri laun fyrir vinnu á helgidögum og um nætur en um há-



Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu.

bjartan daginn, orlofslögin og lög um atvinnuleysistryggingar urðu að veruleika, sjúkrasamlag varð til sem og sjúkrasjóðir stéttarféлага. Fyrir tilstilli kvennaarms verkalýðshreyfingarinnar litu stofnanir á borð við dagheimili, leikskóla og mæðrastyrksnefnd dagsins ljós. Verkakonurnar kynntu einnig orlofsdvöl og ýmiss konar fræðslu og fyrirlestra til sögunnar innan verkalýðshreyfingarinnar. Enn síðar voru stofnaðir lífeyrissjóðir almennra stéttarféлага, en fram að því hafði trygging lífeyrisséttinda á efri árum verið forréttindi opinberra starfsmanna. Og þannig mætti lengi telja: Fæðingarorlof, fræðslustyrkir, trúnaðarmenn á vinnustað, bygging orlofshúsa - og þá er einungis fátt eitt nefnt af framfarumálum. Listinn er vissulega tilkomumikill og ljóst að margt hefur áunnist á langri leið; margt sem við teljum nánast sjálfgefin réttindi dagsins í dag. Ef stofnun Verkamannafélags Akureyrar árið 1906 var lítil þúfa - svo notuð sé kunn samlíking - verður ekki um það deilt að hún hefur sannarlega velt þungu hlassi.

Þeir sigrar sem unnist hafa verða ekki metnir til fjár. Þeir eru „varðar við leið okkar til jafnréttis og öryggis, sem munu standa löngu eftir að hinar beinu launabætur eru gleymdar,“ eins og Björn Jónsson, sá mikilhæfi verkalýðsleiðtogi, komst að orði í frægri ræðu á hátíðisdegi verkamanna þann 1. maí árið 1955. Og hann bætti við: „Í dag er því einni kröfunni færra borin í kröfugöngum verkamanna á Íslandi.“

Undir þau orð skal tekið. Hver sigur sem vinnst er táknið um að þar með er „einni kröfunni færra“.

Í dag höldum við hátíð og fögnum þeim áföngum sem að baki eru. Við þökkum forverunum ævistarf þeirra, blessum þá fyrir að plægja og sá í akurinn og reisum minnisvarða þeim til heiðurs. Minna má það ekki vera. En við heitum því jafnframt að halda vöku okkar, því baráttan er eilíf. Hið fræga Krossanesverfall árið 1930 snerist ekki síst um þá kröfu íslenskra verkamanna að norskir samverkamenn fengju sömu laun og þeir sjálfir og byggju ekki við ömurlegan aðbúnað. Sjötíu og sex árum síðar berst íslensk verkalýðshreyfing gegn öflum sem hafa nákvæmlega það sama að leiðarljósi: Að sniðganga íslensk lög, flytja inn erlent verkafólk og bjóða því skammarlega lág laun og illan aðbúnað í hvívetna. Þetta er eitt dæmi af mörgum um það hvernig sagan endurtekur sig í sífellu og er sannindamerki um nauðsyn þess að hinar vinnandi stéttir haldi vöku sinni og standi saman sem órofa heild.

Ég óska Eyfirðingum til hamingju með daginn. Hann er hátíðisdagur hins vinnandi manns og áfangi á langri leið til frekari sigra.

Björn Snæbjörnsson

TIL HAMINGJU!

KEA óskar verkalýðshreyfingunni sem og öllum íbúum svæðisins til hamingju með aldarafmæli samfellds starfs verkalýðsfélaga við Eyjafjörð.

KEA mun að þessu tilefni færa hinum vinnandi manni að gjöf minnisvarða sem mun bera nafnið Samstaða.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, mun afhjúpa minnisvarðann við hátíðlega athöfn laugardaginn 4. febrúar kl. 11:00 við tjörnina við Strandgötu.

Vonumst til að sjá sem flesta



Eining-löðja og rætur félagsins

Verkalýðsfélagið Eining-löðja var stofnað á Akureyri laugardaginn 5. maí 1999, nánar tiltekið á Hótel KEA. Það má því vissulega teljast með yngstu stéttarfélögum verkafólks á Íslandi, ef aðeins er talið frá þessum tiltekna stofndegi. En á hitt ber að líta, að þetta félag á sér rætur langt aftur í tímann, rætur sem hafa vaxið og þroskast mismunandi lengi, þær elstu í meira en eitt hundrað ár.

Eining-löðja varð til við sameiningu Verkalýðsfélagsins Einingar og löðu, félags verksmiðjufólks á Akureyri. Verkalýðsfélagið Eining var til orðið fyrir sameiningu margra félaga á löngum tíma. Sum höfðu starfað um skamman tíma en önnur lengi og félagsmennirnir unnið mikið starf og óeigingjarnt til að efla hag og alhliða velferð verkafólks á Akureyri og við Eyjafjörð. Skal þeirra nú getið í stuttu máli.

Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar

Fyrsta stéttarfélag verkamanna á Akureyri var stofnað á Ólafsbaug við Strandgötu þann 19. apríl 1897 og gefið nafnið Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar. Stofnendur voru 45 Akureyrarbúar og 2 utanbæjarmenn, sem fengu félagsréttindi um stundarsakir. Í fyrstu stjórn áttu sæti Kristján Nikulásen, Olgeir Júlíusson og Lárus Thorarensen, og mun Lárus hafa verið formaður.

Fyrsta grein í lögum þessa félags var svohljóðandi: „Aðaltakmark félagsins er að reyna að koma í veg fyrir skuldaverslun meðal verkamanna, bæta kjör þeirra og venja þá við að hjálpa hver öðrum af fremsta megni án allrar sérdrægni og sundrunar.“ Þá er einnig tekið fram í lögnum, að vinnutími skuli fastákveðinn 10 tímar á sólarhring, en algengur vinnutími var þá 14 tímar á sólarhring og gat orðið lengri, ef um harðdræga vinnuveitendur var að ræða. Dagkaupið var yfirleitt 2 krónur og venjulega greitt í vöruúttekt eða milliskriftum. Félagið mun hafa lagt mikla áherslu á

styttingu þessa óhóflega vinnutíma og orðið nokkuð ágengt í því efni. Þá er það eftirtelstarvert að strax við stofnun félagsins er stofnaður vísir að sjóði til styrktar þeim verkamönnum er sjúkir verða.

Ekkert verkalýðsfélag starfandi í 5 ár

En félag þetta varð ekki langlíf. Eftir fjögur ár var störfum þess lokið, en forgöngumenn þess geymdu lög félagsins og þann sjóð sem safnast hafði og skiluðu hvoru-veggja til næsta verkamannafélags sem stofnað var. En fyrstu fimm ár tuttugustu aldarinnar var ekkert verkamannafélag starfandi á Akureyri. Það hafði þó unnist, að almennur dagvinnutími var ekki lengur mikið yfir 10 tíma, en dagkaupið óbreytt 2 krónur eða 20 aurar á tímann. Ekki var greitt neitt hærra kaup, þótt vinna þyrfti á helgidögum eða um nætur.

Verkamannafélag Akureyrar

6. febrúar 1906 var nýtt félag stofnað, nú undir nafninu Verkamannafélag Akureyrar. Stofnendur voru 88 talsins, en alls gengu 126 í félagið á árinu. Það mun hafa ráðið úrslitum um félagsstofnunina að tilraun hafði verið gerð til að lækka tímakaupið í 18 aura. Þeirri tilraun var strax hrundið og 14. maí um vorið var kaupið hækkað í 25 aura á tímann, auk þess sem hærri greiðsla var ákveðin fyrir eftirvinnu og helgidagavinnu.

Fyrsti formaður félagsins var Jón Þ. Kristjánsson, kenndur við Birningsstaði í Ljósavatnsskarði. Hann lagði mikla áherslu á að ná inn í félagið sem flestum þeirra, er al-



Elisabet Eiríksdóttir, formaður Verkavennafélags Einingar í 33 ár, og Gunnlaugur Björnsson en þau gáfu Einingu Þingvallastræti 14. Myndin er tekin árið 1966.

menna vinnu stunduðu á Akureyri, verkamönnum, sjómönnum, ökuönnum o.s.frv., enda var

lengi vel ekkert annað stéttarfélag karla starfandi á Akureyri. Vélstjórastéttarfélag var þó stofnað um 1920 og sjómannafélag árið 1928.



Björn Jónsson, formaður Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar í 15 ár og Verkalýðsfélagsins Einingar í 10 ár.



Guðrún Guðvarðardóttir heldur ræðu, en hún var lengi ritari Verkavennafélags Einingar.

Áherslan á samhjálp félagsmanna

Segja má, að Verkamannafélagið hafi lengi sinnt hagsmunamálum allra vinnandi karla á Akureyri, annarra en þeirra sem voru háttsettir stjórnendur eða opinberir starfsmenn. Í félaginu voru verkamenn, sjómenn, vélstjórar, ökumenn hestvagna, trésmiðir, múrarakar, málarar, verkstjórar í einhverjum mæli sem og skipstjórar og jafnvel gullsmiðir og skósmiðir. Lög félagsins voru í höfuðatriðum lítið frábrugðin lögum fyrsta verkamannafélagsins. Mjög mikil áhersla var lögð á samhjálp félagsmanna, m.a. með eflingu sjúkrasjóðs og öllum ráðum beitt til að afla honum fjár, svo sem með hlutaveltum og bögglaupþöðum, auk þess sem hluti félagsgjalda rann í sjóðinn. Einnig var unnið að stofnun sjúkrasamlags í bænum.

Segja má, að bein kaupgjaldsbarátta, þ.e.a.s. barátta fyrir hærra kaup, sé ekki áberandi í starfi Verkamannafélagsins framan af, en mikil áhersla lögð á að auglýsir kaupfaxtar séu haldnir og það tekið alvarlegum tókum yrðu

menn uppvísir af því að undirbjóða hver annan á vinnumarkaðinum. Höfuðáhersla var lögð á aukna atvinnu í bæjarfélaginu og bætt verslunarkjör. Í því sambandi beitti félagið sér m.a. fyrir stofnun Kaupfélags verkamanna Akureyrar, sem auk verslunar hafði um langt skeið með höndum umfangsmikla atvinnustarfsemi við þurrkun á fiski til útflutnings.

Atvinnuskortur helsta meinsemdin

Sú staðreynd að menn fóru sér hægt í kaupkröfum, einkum framman af, bendir ákveðið til þess að félagsmenn í Verkamannafélaginu hafi verið nokkuð sammála um að atvinnuskortur og slæm verslunarkjör væru þeim meiri fjötur um fót en það að launin væru lág.



Rósberg G. Snædal rithöfundur við skriftir. Hann var ritari Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og síðan Verkalyðsfélagsins Einingar.



Fyrstu þéttbýliskjarnarnir voru að myndast á Íslandi á fyrstu árum 20. aldarinnar og langt frá því að þar væri að finna atvinnu handa öllum. Þessi mynd er tekin af Gleráreyrum snemma á síðustu öld.

Kannski var tímakaupið eða dagkaupið ekki svo lágt, þegar vinnu var að hafa, en það voru sárafáir sem höfðu vinnu árið um kring, varla nema örfáir starfsmenn hjá kaupmönnum og opinberir starfsmenn, sem reyndar voru sárafáir á þessum tíma. Algengast mun hafa verið að menn hefðu nokkuð samfellda vinnu yfir hásumarið, stopula vinnu vor og haust og gengju nánast atvinnulausir yfir veturinn. Þetta á við karlana en konur unnu yfirleitt ekki utan heimilis, nema þær sem voru vinnukonur á heimilum „betri borgara“. Konur höfðu enda nógu að sinna inni á heimilunum, rafmagníð var ekki komið, engin heimilistæki nema þvottabali og bretti og kannski straujárn, sem var hitað á hlöðunum. Öll fatagerð var heimilisiðnaður og viðhald fatnaðar mikið, því að engu var hent fyrr en það hafði verið margbætt og stagað, jafnvel skórnir voru heimgæðir og entust illa. Smám saman fóru konur einnig í vaxandi mæli að vinna utan heimilis, einkum við fiskverkun og síldarsöltun, og drýgðu þannig tekjurnar, en langt frameftir öldinni var sú vinna stopul og árstíðabundin.

Að öllu samanlögðu verður það að teljast mesta furða hvað heimilinn skrimtu á meðan karlarnir einir önnuðust tekjuöflunina að mestu eða öllu og höfðu ekki vinnu nema hluta ársins. Það bjargaði miklu að margar fjölskyldur áttu kú og kannski nokkrar kindur, en



Stjórn Verkakvennafélags Einingar árið 1955.

þurrabúðarmenn voru þó margir og líklega fleiri. Þetta leiðir hugann að því að afkoman hefði kannski ekki verið afleit, ef næg vinna hefði verið árið um kring. Auðvitað hafa verkamenn þessa tíma séð það að þeir sárafáu, sem höfðu fastan starfa allt árið, höfðu það býsna gott. Þess vegna hefur áherslan verið lögð á úrbætur í atvinnumálum fremur en hærra kaup og hagstæðari verslunarkjör voru ekki síður mikið áhugamál. Allur sá fjöldi kaupmanna, sem hafði verslanir í Akureyrarkaupstað og þreift vel, var auðvitað sönnun þess að fólk bjó við mjög óhagstæð kjör við kaup á öllum varningi, umsetningin gat ekki verið nema mjög takmörkuð hjá hverjum og einum og þess vegna hlaut álagningin að vera mikil.

Fyrsti prentaði kauptaxtinn

Svo sem fram hefur komið var dagvinnukaupið hækkað í 25 aura á klukkustund á stofnári félagsins. Við það sat næstu 7 árin en 9. mars 1913 var nýr kauptaxti samþykktur á fjölmönnum fundi:

Kauptaxti fyrir „Verkamannafélag Akureyrar“ samþykktur á fundi í félaginu 9. mars 1913.

- Lágmark kaups í allri daglaunavinnu á virkum dögum skal vera 30 aurar um klukkutímann árið um kring, en á sunnudögum 40 aurar.
- 10 tíma vinna er viðurkennd, og



Sigríður Þorsteinsdóttir en hún var í stjórn Verkakvennafélags Einingar og heiðursfélagi þess.

skal sú vinna, sem unnin er fram yfir 10 tíma á dag, borguð með 5 aurum hærra kaupi um klukkutímann.

- Maður, sem vinnur með hest og kerru, skal ætíð taka 25 aurum meira kaup um klukkutímann en hið viðtekna kaup er fyrir lausan mann.
- Kauptaxti þessi öðlast gildi 1. maí 1913, og ber öllum meðlimum Verkamannafélagsins að fylgja honum stranglega.
- Meðlimir Verkamannafélagsins, er standa fyrir vinnu, eða hafa vinnu að veita, skulu ætíð hafa hugfast að láta meðlimi félagsins sitja fyrir þeirri vinnu.

Samþykkt var að láta prenta kauptaxta þennan og útbýta honum meðal meðlima Verkamannafélagsins. Það hefur trúlega verið í fyrsta skipti, sem kauptaxti verkamanna á Akureyri var gefinn út prentaður.

Öflugir bræður

Á árinu 1914 gengu í Verkamannafélagið tveir bræður, sem síðar áttu eftir að koma mjög við sögu verkalyðssamtakanna á Akureyri og kjarabaráttu verkafólks í víðasta skilningi, jafnframt því sem þeir unnu ötullega að útbreiðslu hugsjóna jafnaðarmanna. Þetta voru þeir Halldór og Erlingur Friðjónssynir, frá Sandi í Aðaldal. Halldór var m.a. formaður í 10 ár, en Erlingur varð framkvæmdastjóri Kaupfélags verkamanna Akureyrar, hann var og formaður verkamannafélagsins í tvö ár. Þegar kom fram á þriðja áratuginn komu einnig ýmsir aðrir áhrifamenn fram á sjónarsviðið, m.a. Einar Olgeirsson, sem var formaður í tvö ár, og síðar Steingrímur Aðalsteinsson, sem einnig var formaður í tvö ár. Framan af gekk samstarfið meðal þessara harðskeyttu hugsjónamanna vel og félagsstarfið blómstraði. En þegar kom fram um 1930 fór mjög að skerast í odda með „krötum“ annars vegar og „kommum“ hins vegar. Lauk þá samstarfinu með fullum fjandskap og bræðurnir frá Sandi klufu félagið, svo sem síðar greinir.

Rétt er að geta þess að á árunum 1930 til 1934 var Verkamannafélagið aðili að nokkrum hörðustu verkfallsátökum, sem orðið hafa á Íslandi: Krossanes-verkfallið 1930 (sem Verklýðsfélag Glerárþorps stóð fyrir, en með öflugum stuðningi Verkamannafélags Akureyrar), Növudeilan 1933 og Borðeyrardeilan 1934. Síðustu



Við undirskrift samninga 17. maí árið 1962 en upp úr þeim tíma fóru konur og karlar að starfa saman í einu félagi.

árin sem félagið starfaði var Loftur Meldal formaður þess.

Verkalýðsfélag Akureyrar

Verkalýðsfélag Akureyrar var stofnað 12. febrúar 1933 og var við lýði til ársins 1943 eða í tíu ár. Formaður þess allan tímann var Erlingur Friðjónsson. Skipting verkafólks í stéttarfélög eftir pólitískum litarhætti gafst ekki vel og smám saman dró allan þrótt úr starfi félaganna eða hann gufaði upp í deilum og rífrildi þeirra í milli. Kom það sér ekki síst illa fyrir verkafólkið á þessum tíma, því vegna hins erfiða ástands á kreppearunum milli 1930 og 1940 hefði einmitt verið þörf fyrir jákvætt og árangursríkt starf verkalýðsfélaga á Akureyri, en það var öðru nær en svo væri.

Öll el birtir upp um síðir

Þessi ár, sem verkamenn á Akur-

eyri voru klofnir í tvö félög, er tvímælalaust dekksti tíminn í sögu verkalýðssamtaka á Akureyri, en öll el birtir upp um síðir. Þegar leið á fjórða áratuginn var flestum orðið ljóst, að svona gekk þetta ekki. Margir hinna hófsamari manna innan félaganna fóru að leita leiða til að sameina félögin og lagðist Alþýðusamband Íslands á árar með þeim eftir 1940. Ekki gekk það þó upp vegna andstöðu Erlings Friðjónssonar og fáeinna af helstu stuðningsmönnum hans. Var þá samþykkt að leggja Verkamannafélag Akureyrar niður og ASÍ hafði forgöngu um stofnun nýs félags, sem flestir félagar úr verkamannafélagunum tveimur gerðust félagsmenn í. Eftir það lognaðist Verklýðsfélag Akureyrar fljótlega út af. Hið nýja félag hlaut nafn fyrsta verkamannafélagsins á Akureyri.

Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar (hið yngra)

Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar (hið yngra) var stofnað 6. apríl 1943. Stofnendur voru 238 talsins, en félagsmönnum fór síðan ört fjölgandi. Fyrstu tvö árin gegndi Marteinn Sigurðsson formennsku í félaginu, en aðrir formenn voru Steingrímur Aðalsteinsson, Tryggvi Emilsson, Jóhannes Jósefsson og loks Björn Jónsson, síðar forseti ASÍ, en hann var formaður síðustu 15 árin af starfstíma þessa félags. Framan af

bar nokkuð á pólitískum átökum innan félagsins, arfur frá tveggja félaga tímanum og jafnframt spegilymynd þess sem almennt gerðist innan verkalýðssamtakanna á þeim tíma. Tekist var á um kosningar í stjórn og kjör fulltrúa á þing ASÍ. En smám saman jafnaðist þetta og Björn Jónsson varð síðari árin í formennskutið sinni hinn óumdeildi foringi og leiðtogi félagsins, og menn úr öllum stjórnsmálaflokkum völdust í stjórn með honum. Félagsstarfið var mikið og sífellt hugað að fleiri málum, sem á einn eða annan hátt horfðu til betra lífs fyrir verkafólk.

Löngu verkfalli lauk með stórsigri

Mestu átök á sviði kjarabaráttunnar, sem félagið átti aðild að á starfstíma sínum, var verkfallið 1955, eitt hið lengsta og harðasta, sem verkalýðsfélög á Íslandi hafa háð. Samstaða félagsmanna þá reyndist með afbrigðum góð og verkfallsbrot nánast óþekkt. Samningar tókust aðfaranótt 28. apríl, og í ræðu á útifundi verkalýðsfélaganna á Akureyri 1. maí, sagði formaður verkamannafélagsins, Björn Jónsson, m.a.:

„Sóknðjarfasti hluti verkalýðsstéttarinnar hefur undanfarnar sex vikur staðið í ferlegustu átökum, sem hún hefur nokkru sinni háð við auðstéttir landsins - og borið sigur af hölmum.“ ...Í dag stöndum við andspænis þeirri staðreynd að verkfallið hefur fært okkur 12% beina kauphækkun, nokkrar lagfæringar á ýmsum samningsatriðum og síðast en ekki síst komið í höfn einu helsta baráttumáli alþýðusamtakanna um tugi ára, atvinnuleysistryggingum.“

Nóta- og Netjamannafélag Akureyrar

Nóta- og Netjamannafélag Akureyrar var stofnað 1929 og var, eins og nafnið bendir til, sérfélag þeirra, sem fengust við nóta- og netagerð og tilheyrandi viðgerðir.



Hér njóta starfsstúlkur í frystihúsi Ú.A. þess að ræða saman í kaffihléinu en til margra ára voru engir kaffitímar innifaldir í vinnunni. Verkalýðsfélögin á Akureyri bördust fyrir þeim eins og öðrum mannréttindum fyrir félagsmenn sína.



LANDSNET

HVÍTA HÚSÍÐ / SJÁ / ÚDSKYND BIRT MEÐ LEYFI NASA



NÝTT FYRIRTÆKI BJÖRT FRAMTÍÐ

Nú geta stórir notendur og dreifiveitur ráðið af hvaða framleiðendum raforkan er keypt. Þann 1. janúar 2006 mun hið sama gilda um alla notendur, þar með talin heimilin í landinu.



Landsnet rekur flutningskerfi raforku, annast kerfisstjórnun og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsnet býður landsmönnum þjónustu þrautreynds og þjálfaðs starfsfólks og ræður yfir fullkomnum tækniþúnaði.

Við erum þess fullviss að tilkoma fyrirtækisins og yfirstandandi breytingar á skipan raforkumála verði til mikilla hagsbóta fyrir alla raforkunotendur, stóra og smáa, og hlökkum til samstarfsins í framtíðinni.

Félagið starfaði til ársins 1941, en síðar voru nóta- og netagerðarmenn lengi sérdeild innan Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar. Fyrsti formaður þessa félags var Björn Grímsson, en síðastur gegndi Ingólfur Árnason þar formennsku.

Verkalýðsfélag Glerárþorps

Verkalýðsfélag Glerárþorps var stofnað 13. mars 1926 í skólahúsinu í Sandgerðisbót. Stofnendur voru 22 talsins og var Steingrímur Aðalsteinsson, síðar alþingismaður, kosinn formaður. Fyrstu árin var starfið ekki margbrotið en 1930 hlaut félagið sína eldskírni í Krossanesdeilunni svonefndu og komst vel frá þeirri prófraun. Félagið var lagt niður á árinu 1938, en nýtt félag, sem tók yfir allan Glæsibæjarhrepp, hafði verið stofnað nokkru áður. Formaður félagsins síðustu starfsárin var Halldór H. Snæhólm.

Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps

Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps var stofnað 1935. Fyrsti formaður þess var Þorsteinn G. Hörgdal. Félagið starfaði til 30. janúar 1955 en á aðalfundi Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar



Röskir og duglegir menn á verkfallsvakt vorið 1961. Þeir voru margir sem lögðu á sig langan vinnutíma í sjálfböðavinnu til að tryggja bæjarbúum réttindi sín.

þann dag var samþykkt að stækka félagssvæðið, þannig að auk Akureyrar tæki það yfir Glæsibæjarhrepp. Sama dag hélt Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps aðalfund og samþykkti að leggja félagið niður. Síðustu árin var Árni Jónsson formaður.

Verkavennafélag Eining

Verkavennafélag Eining var stofnað 15. febrúar 1915, fyrir forgöngu Verkamannafélags Akureyrar en þar höfðu menn komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að stofna „kvenverkfélag“ er starfaði á líkum grundvelli og verkamannafélagið. Stofnendur félagsins voru 138.

Félagið starfaði til ársins 1963

og auk þess að standa vörð um og berjast fyrir bættum kjörum kvenna á vinnumarkaði lét það margvísleg önnur mál til sín taka, þau er verða máttu til að bæta aðstöðu kvenna eða létta þeim lífið á annan hátt. Má þar nefna að koma á fót dagheimilum (leikskólum) fyrir börn og gera fátækum og barnmörgum konum fært að taka sér stutt orlof eða hvíld frá heimilisstörfunum nokkra daga á sumrin.

Mæðrastyrksnefnd stofnuð

Um langt árabil rak félagið sumar-dvalarheimili fyrir börn, ýmist á heppilegum stöðum við Eyjafjörð eða austur í Þingeyjarsýslu. Þá hafði félagið forystu um stofnun Mæðrastyrksnefndar á Akureyri

árið 1939 og hefur sú starfsemi haldist síðan. Félagið vann gott starf að margs konar fræðslu fyrir félagskonur og fyrirlestrar um hin ólíkustu efni voru fluttir á félagsfundum.

Fyrsti formaður félagsins var Guðlaug Benjamínsdóttir. Síðan gegndu ýmsar formannsstörfum til ársins 1926, en þá var Elísabet Eiríksdóttir kosin formaður, og var hún formaður samfleytt til ársins 1960, að undanskildu einu ári er hún dvaldist erlendis. Síðustu þrjú árin sem félagið starfaði var Margrét Magnúsdóttir formaður.

Starfsstúlknafélagið Sókn á Akureyri

Starfsstúlknafélagið Sókn á Akureyri var stofnað 29. nóvember 1936, stofnendur voru 57. Í lögum félagsins sagði m.a.: „Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna starfsstúlkna á sjúkrahúsum og stúlkna er vinna í húsum, bæta kjör þeirra, auka menningu þeirra og þroska. Rétt til að ganga í félagið hafa allar þær stúlkur, er vinna við matreiðslu, þvotta, hreingerningar og saumastörf.“

31. janúar 1943 varð félagið deild í Verkavennafélagi Einingar en fljótlega var deildafyrirkomulagð aflagt. Fyrsti formaður



Meðlimir Alþýðusambands Norðurlands árið 1973.

Starfsstúlknafélagsins var Sólborg Einarisdóttir en síðust gegndi Kristín Ísfield formennsku.

Verkalýðsfélagið Eining

Þann 10. febrúar 1963 sameinuðust Verkakvennafélag Einingar og Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar í eitt félag undir nafninu Verkalýðsfélagið Eining. Fyrsta stjórn þess félags var þannig skipuð: Björn Jónsson formaður, Þórir Danielsson varaformaður, Rósberg G. Snædal ritari, Vilborg Guðjónsdóttir gjaldkeri, Björgvin Einarsson, Auður Sigurpáldóttir og Ólafur Aðalsteinsson meðstjórnendur.

Björn Jónsson var formaður félagsins fyrstu tíu árin og hafði þá verið formaður í félögum verkafólks á Akureyri samfelt í 25 ár. Eftir Björn kom Jón Ásgeirsson í formannsstól í eitt ár en síðan Jón Helgason í 12 ár og Sævar Frímannsson í 5 ár. Síðastur gegndi formennsku í félaginu Björn Snæbjörnsson, frá 1992 til 1999. Stofnendur félagsins voru um 680 en 30 árum síðar (1993) voru þeir orðnir 4.447 - en á þessum tíma höfðu flest félögin við Eyjafjörð sameinast Einingu. Lögum félagsins var breytt árið 1975, þannig að starfssvæði þess var ákveðið: Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, allir hreppar Eyjafjarðarsýslu og Svalbarðsstrandar- og Grýtubakka-hreppar í Þingeyjarsýslu. Var þá allt ófaglært verkafólk við Eyjafjörð, konur og karlar, sameinað í einu félagi að undanskildum þeim sem störfuðu við verksmiðjuíðnað.

Efasemdaraddir þagna

Reynslan af sameiningu karla og kvenna í eitt félag var mjög góð og aldrei heyrðust neinar raddir um að þar hafi rangt skref verið stigið. Reynslan af sameiningu allra félaga verkakarla og verkakvenna við Eyjafjörð hefur einnig verið svo góð að efasemdaraddir, sem á sínum tíma heyrðust um ágæti þeirrar ráðabreytni, hafa fyrir löngu þagnað. Vegna erfiðra samgangna



Stjórn Einingar árið 1966: Jón Ásgeirsson, Björgvin Einarsson, Rósberg G. Snædal, Björn Jónsson, Þórhallur Einarsson. Sitjandi: Elín Marta Jóhannsdóttir, Jón Helgason og Vilborg Guðjónsdóttir.

á fyrri hluta síðustu aldar voru félögin í hinum fámennu þéttbýliskjörnum við fjörðinn nauðsyn. Það var fyllilega dagleið milli Akureyrar og Dalvíkur, nú er sú leið farin á um 40 mínútum og breytingar á öðrum samgönguleiðum eru í stíl við það.

Í kjarabaráttunni á starfstíma Verkalýðsfélagsins Einingar ber hæst samningana um stofnun lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna 1969. Þá loks náðist það fram að trygging lífeyrisréttinda á efri árum yrði ekki um alla framtíð forréttindi opinberra starfsmanna.

Árið 1967 eignaðist Verkalýðsfélagið Eining fyrstu orlofshúsin til afnota fyrir félagsmenn sína og fór þeim síðan smáfjölgandi.

Stórhýsi reist við Skipagötu

Árið 1982 sameinuðust verkalýðsfélögin á Akureyri og Alþýðubankinn hf. um að standa sameiginlega að byggingu stórhýsis að Skipagötu 14, þar sem bankastarfsemi yrði á neðstu hæð, en efri hæðirnar félagsheimili og skrifstofur verkalýðsfélaganna.

Bygging hófst 1. júlí 1983 og var að kalla lokið í júlí 1985. Fyrstu félögin fluttu starfsemi sína í húsið í apríl það ár, en formlega var húsið tekið í notkun 26. júlí. Næst á eftir Alþýðubankanum var Eining stærsti eigandi að húsinu og formaður félagsins, Jón Helgason, var formaður framkvæmdanefndar á byggingartímanum, auk þess sem hann átti sæti í samstarfsnefnd eig-

enda og átti manna mestan þátt í því að svo myndarleg bygging félaganna reis, en samastaður og miðstöð fyrir starfsemi þeirra var nauðsyn.

Verkalýðsfélag Dalvíkur

Verkalýðsfélag Dalvíkur var stofnað 23. janúar 1932 og voru stofnendur 16 talsins. Fyrsti formaður þess var Eiríkur Línalds.

Síðasti fundur þess var haldinn í júlí 1967 og þá samþykkt að félagið gerðist deild í Verkalýðsfélaginu Einingu. Félagsmenn voru þá 114. Á þessum lokafundi voru Kristinn Jónsson og Eiríkur Línalds kjörir



Jón Helgason, formaður Einingar um 12 ára skeið og helsti hvataformaður að því að ráðist var í að byggja Alþýðuhúsið við Skipagötu.



Alþýðuhúsið við Skipagötu. Á neðstu hæð er útibú Íslandsbanka en á efri hæðum skrifstofur nær allra starfandi verkalýðsfélaga á Akureyri, Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra, Vinnueftirlitsins og ennfremur fundasali og veitingastaðurinn Strikið/Parken.



Konur og börn frá Akureyri í orlofsdvöl að Laugum.



Frá stofnþingi Alþýðusambands Norðurlands í Verkalýðshúsinu 19. maí 1947.

heiðursfélagar fyrir mikil og góð störf í þágu félagsins. Sá síðarnefndi hafði m.a. annast fjárreiður félagsins og reikningshald allan tímann sem félagið starfaði. Síðasti formaðurinn var Jón Pálsson.

Verkalýðsfélag Hríseyjar

Verkalýðsfélag Hríseyjar var stofnað 28. febrúar 1932. Fyrsti formaður þess var Ólafur Bjargmann, síðan margir í 1 til 2 ár í senn, en lengst Jón Ásgeirsson. Síðasti formaður þess var Anton Eðsson.

Félagið gerðist deild í Verkalýðsfélaginu Einingu 1967 en þá voru félagsmenn 90 talsins.

Verkalýðs- og sjómannafélag Ólafsfjarðar

Verkalýðs- og sjómannafélag Ólafsfjarðar var stofnað 3. desember 1933. Fyrsti formaður þess var Jón Guðmundsson en stofnendur voru 27.

Félagið var á köflum mjög starfsamt og lét sér fátt óviðkomandi en á milli komu tímabil þegar nokkur deyfð var yfir starfsemi. Síðasti formaður félagsins var Gunnar Björnsson.

Verkakvinnafélagið Sigurvon

Verkakvinnafélagið Sigurvon var stofnað í Ólafsfirði 18. maí 1951. Áður höfðu konur verið í sérdeild innan Verkalýðs- og sjómannafélags Ólafsfjarðar. Fyrsti formaður félagsins var Hulda Kristjánsdóttir,

en lengst gegndi Líný Jónasdóttir formannsstörfum.

Á fundi í verkamannafélaginu í Ólafsfirði 18. mars 1968 var rætt um stöðu og framtíð verkalýðsfélaganna í kaupstaðnum og þá m.a. rætt um sameiningu félaganna. Einnig kom þá fram sú hugmynd að félögin sameiginlega gerðust deild í Verkalýðsfélaginu Einingu á Akureyri. Á sameiginlegum fundi félaganna 21. september 1969 var sú hugmynd ítarlega rædd og endanlega samþykkt á sameiginlegum fundi 11. október 1969. Félagar í verkamannafélaginu voru þá 170-180 talsins en 70 í verkakvinnafélaginu.

Verkalýðsfélag Grýtubakkahrepps

Verkalýðsfélag Grýtubakkahrepps var stofnað 25. janúar 1941 og voru stofnendur 25. Fyrsti formaður var kjörinn Vilhelm Vigfússon. Sonur hans, Arthúr, varð formaður 1955 og gegndi formannsstörfum þar til samþykkt var að félagið gerðist deild í Verkalýðsfélaginu Einingu 1975. Þá voru félagsmenn 75.



Starfsmenn Einingar árið 1977. F.v. Sævar Frímannsson, Sigrún Lárusdóttir, Guðjón Jónsson, Ólína Jónsdóttir og Þorsteinn Jónatansson.

Bílstjórafélag Akureyrar

Bílstjórafélag Akureyrar, launþega-deild, gerðist deild í Verkalýðsfélaginu Einingu 1976. Þá taldi það 101 félagsmann.

Verkalýðsfélag Svalbarðsstrandar

Verkalýðsfélag Svalbarðsstrandar var stofnað 23. október 1942. Félagsmenn voru lengst af um 20 talsins, aðallega starfsmenn kaupfélagsins á Svalbarðseyri.

Starfsemi félagsins lagðist af á sjöunda áratugnum. Síðasti formaður félagsins var Jóhann Kristjánsson.

Verkamannafélag Arnarneshrepps

Verkamannafélag Arnarneshrepps var stofnað 1937 og voru félagsmenn einkum starfsmenn við Sildarverksmiðjuna á Hjalteyri. Fyrsti formaður félagsins var Ingólfur Guðmundsson. Baldvin Sigurðsson var formaður í 7 ár en síðasti formaðurinn var Agnar Þórisson.

Starfsemi félagsins lagðist af á sjöunda áratugnum.

Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri

Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, var stofnað að Gránufélagsgötu 9 þann 29. mars 1936. Stofnendur voru 27 og var Jón Hinriks-son kjörinn formaður. Fljótlega fjölgaði félagsmönnum til muna en þeir voru einkum starfsmenn við ört vaxandi verksmiðjuíðnað Sambands íslenskra samvinnufélaga á Akureyri, einnig nokkurra annarra iðnfyrirtækja í eigu einstaklinga og félaga.

Flestir urðu félagsmenn árið 1986, þá 939 talsins, en þegar verksmiðjur Sambandsins tóku að draga saman seglin og leggja upp laupana hver af annarri 1988-1993 og enginn umtalsverður iðnaður kom í staðinn fór félögum mjög að fækka og í ársbyrjun 1993 voru þeir komnir niður í



Björn Snæbjörnsson, síðasti formaður Einingar og fyrsti (og eini til þessa) formaður Einingar-Iðju.

Alþýðusamband Íslands

sendir launafólki

baráttukveðjur

og hamingjuóskir

í tilefni aldarafmælis

samfells verkalýðsstarfs

við Eyjafjörð





Unnið að fyrsta áfanga í byggingu orlofsbústaða að Illugastöðum.

690. Félögunum fjölgaði aftur lítills háttar eftir það, en með aukinni samvinnu löðu og Einingar, sem hófst 1994 með samnýtingu skrifstofuhúsnæðis og afgreiðslu, má segja að stigið hafi verið fyrsta skrefið til sameiningar félaganna sem varð formlega varið 1999.

Segja má, að löða hafi hlotið sína eldskír strax árið eftir stofnun félagsins, en þá átti félagið í löngu verkfalli, einu þeirra hörðu og minnisstæðu verkfalla sem háð voru á kreppeárunum. Er þess gjarna minnst sem löjuverkfallsins.

Helstu hvatamenn að stofnun löðu, auk Jóns Hinrikssonar, voru Freysteinn Sigurðsson og Jón Ingimarsson. Jón varð síðan formaður félagsins árið 1940 og gegndi því starfi til dánardægurs 15. febrúar 1981. Jafnframt var hann lengst af starfsmaður félagsins og má segja að hann hafi varið mestum hluta starfsævi sinnar í þágu þess. Eftir Jón varð Kristín Hjálmarisdóttir formaður félagsins til ársins 1995, en síðasti formaður þess var Þorsteinn E. Arnórsson.

Sameining

Hér að framan hefur nú verið getið 19 félaga ófaglærðs verkafólks við Eyjafjörð, sem komust til nokkurs þroska á síðustu 100 árum eða liðlega það. Öll eru þau nú horfin af sjónarsviðinu en þeirra er gott að minnast, saga þeirra er saga mikilla átaka, mikillar fórnfýsi, mikilla hugsjóna og umfram allt sagan af því, hverju samtök alþýðufólks geta áorkað. Eftir stendur eitt félag,

Eining-löða, arftaki allra hinna. Það stendur á góðum grunni og við það eru miklar vonir bundnar. Það eru enn ærin störf framundan á sviði verkalyðsbaráttunnar, þar er enginn verkefnaskortur.

Félagsmenn í Einingu-löðu eru nú rúmlega 4.900 talsins. Miðstöð félagsstarfsins er í höfuðstöðvunum við Skipagötu. Auk þess hefur félagið skrifstofur á Dalvík og fulltrúa til þjónustu við félagsmenn í Ólafsfirði, Hrísey og á Grenivík.

Verkefnunum hefur ekki fækkað!

Auk hinnar hefðbundnu kjarabaráttu er nú ýmsu sinnt, sem framan af fyrri öld var lítt þekkt. Þar ber

tryggingamálin hæst, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði. Á sviði orlofsmála hefur orðið mikil og hröð þróun. Félagið stendur fyrir nokkrum lengri og skemmri ferðum fyrir félagsmenn á hverju ári, á auk þess 18 orlofshús á 7 stöðum á landinu, auk einnar íbúðar á Egilsstöðum og þriggja íbúða í Reykjavík, sem leigðar eru til orlofsdvalar og til þeirra félagsmanna, sem sökum veikinda þurfa að dvelja um tíma í höfuðborginni. Þá eru fræðslumál orðin sífellt meiri þáttur í félagsstarfinu, menntun ýmiss konar, bæði starfstengd menntun og almenn. Skal það ekki frekar rakið hér, en almennt stefnir í það að félagið láti sér ekkert óviðkomandi,

sem verða má félagsmönnum til hagsbóta og framfara. Breytingarnar eru miklar frá því 1897 en verkefnunum hefur ekki fækkað.

Björn Snæbjörnsson, síðasti formaður Verkalýðsfélagsins Einingar, var einróma kjörinn formaður Einingar-löðu á stofnfundinum 15. maí 1999 og hefur gegnt því starfi síðan. Með honum sitja nú í stjórn félagsins: Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari, Anna Júlíusdóttir, Sigríður K. Bjarkadóttir, Þorsteinn J. Haraldsson, Valdimar Gunnarsson, Eyþór Karlsson, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafdis Kristjánsdóttir, Marsibil E. Kristjánsdóttir og Elísabet Jóhannsdóttir.



Starfsfólk Einingar-löðu á Akureyri 2006. Efri röð f.v. Brynja Skarphéðinsdóttir, Margrét Einarsdóttir, Sigrún Lárusdóttir og Matthildur Sigurjónsdóttir. Fremri röð f.v. Björn Snæbjörnsson og Þorsteinn E. Arnórsson.

Afmælissýning og vígsluathöfn minnisvarðans SAMSTÖÐU

Þann 6. febrúar 2006 verða 100 ár liðin frá stofnun Verkamannafélags Akureyrar, en það félag er forveri margra þeirra verkalyðsfélaga sem nú starfa á Eyjafjarðarsvæðinu. Stofnun Verkamannafélags Akureyrar árið 1906 markar jafnframt upphaf samfellds starfs verkalyðsfélaga á Akureyri og annars staðar við Eyjafjörð.

Afmælissins er minnst með ýmsum hætti, meðal annars með útgáfu þessa afmælisblaðs sem er dreift á hvert heimili og í öll fyrirtæki á svæðinu. Sett verður upp sýning í Alþýðuhúsinu á Akureyri, þar sem sýndar verða myndir og munir sem tengjast þessari aldarlöngu sögu. Síðast en ekki síst er búið að reisa minnisvarða til að heiðra minningu þessa forvera annarra verkalyðsfélaga á svæðinu og festa þetta ártal, 6. febrúar 1906, í minningu fólks um ókomna tíð.

Afmælissýningin í Alþýðuhúsinu

Laugardaginn 4. febrúar nk. kl. 13:00 verður opnuð sýning í Alþýðuhúsinu á Akureyri, Skipagötu 14, þar sem flestöll verkalyðsfélögin á Akureyri eru til húsa. Þar verða til sýnis myndir og munir og einnig verður boðið upp á kaffi og með því.

Sýningin er opin almenningi kl. 13:00-16:00 laugardag og sunnudag. Á laugardegnum munu forsvarsmenn allra verkalyðsfélaganna í húsinu verða á sýningarsvæðinu og heilsa upp á gesti. Fyrir þá sem ekki komast á sýninguna um helgina má geta þess að hún verður einnig opin í vikunni á eftir á almennum skrifstofutíma.

Iðnaðarsafnið opið líka

Iðnaðarsafnið á Krókeyri verður einnig opið á laugardag og sunnudag á sama tíma og sýningin, þ.e. kl. 13:00-16:00. Þar er marga forvitnilegt að sjá. Eins og nafnið gefur til kynna er hér um að ræða safn atvinnulífs seinni alda á Akureyri, þar sem sérstök

áhersla er lögð á iðngreinar og fyrirtæki á því sviði. Sýndar eru vélar, framleiðsluvörur og myndir af fólki að störfum.

Minnisvarðinn gjöf KEA til hins vinnandi manns

Listamaðurinn Jóhann Ingimarsson (Nói) var fenginn til að gera minnisvarða sem verður afhjúpaður á aldarafmælinu. Myndverkið heitir **SAMSTAÐA** en með nafninu er skírskotað til grundvallaratriðis í öllu verkalyðsstarfi, þ.e. nauðsyn þess að standa saman: „Sameinaðir stöndum vér...”

Afmælisnefndinni, sem í eiga sæti Þorsteinn E. Arnórsson, starfs-



Minnisvarðinn mun standa við Strandgötuna. Hér er sökkullinn tilbúinn, en myndin var tekin fyrr í vikunni.



Iðnaðarsafnið á Krókeyri verður opið kl. 13-16 laugardag og sunnudag í tilefni afmælissins.



Afmælissýningin á 2. hæð í Skipagötu 14 verður opin kl. 13-16 laugardag og sunnudag.

maður Einingar-löju og fyrrum formaður löju; Jón Helgason, fyrrum formaður Einingar og Kristín Hjálmarsdóttir, fyrrum formaður löju, leist mjög vel á tillögu Nóa og ákvað að verkið hefði alla burði til verða verðugur minnisvarði þessa forvera annarra verkalyðsfélaga á svæðinu. KEA kom síðan að málinu með myndarlegum hætti og er minnisvarðinn gjöf KEA til hins vinnandi manns á aldarafmæli samfellds starfs verkalyðsfélaga við Eyjafjörð.

Forsetinn afhjúpar minnisvarðann

Laugardaginn 4. febrúar nk. kl. 11:00 fer fram vígsluathöfn minnisvarðans **SAMSTÖÐU** við tjörnina við Strandgötu. Þar mun forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, heiðra verkalyðsfélögin með nærveru sinni og afhjúpa verkið.



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, mun afhjúpa minnisvarðann.

Ef veður verður gott fer athöfnin fram undir berum himni, en að öðrum kosti fer hún fram á skemmtistaðnum Vélsmiðjunni, handan götunnar. Lúðrasveit Akureyrar mun leika nokkur lög, ávörp flytja Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, sem gefur myndverkið, og hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem í lok ávarpsins mun afhjúpa minnisvarðann. Að endingu mun Þráinn Karlsson leikari lesa ljóðið *Söngur verkamanna*, ljóð Kristjáns frá Djúpalæk frá árinu 1953, sem frumflutt var á 10 ára afmæli Verkamannafélags Akureyrar-kaupstaðar (hins yngra).

Formannatal á hundrað ára ferli

Verkamannafélag Akureyrar:

Jón Þ. Kristjánsson 1906-1913
Jón Bergsveinsson 1914-1916
Halldór Friðjónsson 1917-1926
Erlingur Friðjónsson 1927 og 1931
Einar Olgeirsson 1928-1930
Þorsteinn Þorsteinsson 1932
Steingrímur Aðalsteinsson 1933
Sigþór Jóhannsson 1934-1938
Loftur K. Meldal 1939-1942

Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar:

Marteinn Sigurðsson 1943-1944
Steingrímur Aðalsteinsson 1945
Tryggvi Emilsson 1946-1947
Björn Jónsson 1948-1953
og 1955-1962
Jóhannes Jóseppsson 1954

Verkavennafélag Einingar:

Guðlaug Benjamínsdóttir 1915
og 1922-1923
Bergljót Sigurðardóttir 1916
Guðný Bjarnadóttir 1917-1920
Brynhildur Ingvarsdóttir 1921
Kristjana Hallgrímsdóttir 1924-1925
Elísabet Eiríksdóttir 1926-1935
og 1937-1959
Áslaug Guðmundsdóttir 1936
Margrét Magnúsdóttir 1960-1962

Verklýðsfélag Akureyrar:

Erlingur Friðjónsson 1933-1942

Verklýðsfélagið Eining:

Björn Jónsson 1963-1972
Jón Ásgeirsson 1973
Jón Helgason 1974-1985
Sævar Frímansson 1986-1991
Björn Snæbjörnsson 1992-1998

Iðja, félag verksmiðjufólks, Akureyri:

Jón Hinriksson 1936-1937
Hallgrímur Vilhjálmsson 1938-1941
Magnús Stefánsson 1942
Hermann Vilhjálmsson 1943-1944
Sveinn Þorsteinsson 1945
Jón Ingimarsson 1946-1981
Kristín Hjálmarsdóttir 1982-1994
Þorsteinn E. Arnórsson 1995-1998

Eining-Iðja:

Björn Snæbjörnsson 1999-2006

Nóta- og netjamannafélagið:

Björn Grímsson 1929-1930
Jónas Hallgrímsson 1931-1933
og 1936-1937
Sigfús Baldvinsson 1934-1935
Sveinn Sveinbjörnsson 1938-1939
Ingólfur Árnason 1940

Verkalýðsfélag Glerárþorps:

Steingrímur Aðalsteinsson 1926
og 1928-1931
Njáll Jóhannesson 1927
Árni Þorgrímsson 1932
Jón Sigurjónsson 1933-1934
Halldór H. Snæhólm 1935-1938

Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps:

Þorsteinn G. Hörgdal 1935-1938
Marteinn Pétursson 1939-1941
Hallgrímur Stefánsson 1942-1943
og 1947
Jón Sigurjónsson 1944-1946
Árni Jónsson 1948-1954

Verkalýðsfélag Grýtubakkahrepps:

Vilhlem Vigfússon 1941-1948
Bessi Jóhannsson 1949-1952
Bjarni Áskelsson 1953
Jóhann Stefánsson 1954
Arthúr Vilhelmsson 1955-1971

Verkalýðsfélag Hríseyjar:

Ólafur Bjargmann 1932, 1934
og 1939
Jóhann Einarsson 1933 og 1946
Tryggvi Helgason 1935 og 1936
Þorleifur Ágústsson 1944 og 1948
Jóhann Jónsson 1945
Sigurður Brynjólfsson 1947
Ólafur Guðmundsson 1949-1950,
1952 og 1955-1956
Kristján Jónasson 1951 og 1954
Jóhann H. Jónsson 1953
Caspar Pétur Hólm 1957-1958
Jón Ásgeirsson 1959-1965
Kristján Kristinsson 1966
Anton Eiðsson 1967



Jóhannes Sigurðsson, fyrsti
formaður Verkamannafélags
Akureyrarkaupstaðar.



Olgeir Júlíusson, forystumaður
Verkamannafélags Akureyrar-
kaupstaðar og fyrsti ritari þess.



Elísabet Eiríksdóttir var formaður
Verkavennafélags Einingar
1926-1935 og 1937-1959.



Jón Ingimarsson var formaður Iðju,
félags verksmiðjufólks, Akureyri frá
1946 til 1981.



Björn Jónsson var formaður Verka-
mannafélags Akureyrarkaupstaðar
á árunum 1948 til 1953 og 1955 til
1962 og varð síðan fyrsti formaður
Einingar árið 1963. Hann lét af
störfum árið 1972.



Sævar Frímansson var formaður
Einingar á árunum 1986 til 1991.

Verkalýðs- og sjómannafélag Ólafsfjarðar:

Jón Guðmundsson 1933-1935
Kristinn Sigurðsson 1936, 1940-1941,
1944-1945, 1947 og 1950
Guðvarður Sigurðsson 1937-1938
Vilmundur Rögnvaldsson 1939
Magnús Magnússon 1942
Hartmann Pálsson 1943
Magnús Þorsteinsson 1946
Gunnar Steindórsson 1948-1949
Gunnlaugur Jónsson 1951-1953
Sigurður Ringsteð 1954
Gunnlaugur J. Magnússon 1955
Gunnar Björnsson 1956-1958 og 1966
Gísli Gíslason 1959
Axel Pétursson 1960
Sveinn Jóhannesson 1961
Ásgrímur Gunnarsson 1962

Verkalýðsfélag Dalvíkur:

Eiríkur Líndals, Kristinn Jónsson,
Kristinn Jóhannesson og Páll Guðlaugsson gegndu formannsstörfum



Björn Grímsson upptekinn við störf sín en hann var lengi í forystusveit verkalýðssamtaka á Akureyri. Hann var t.d. fyrsti formaður Nóta- og netjamannafélags Akureyrar.

árin 1932-1945, lengst Kristinn.
Lárus Frimannsson 1946, 1950 og 1955
Björn Arngrímsson 1947-1949
Jón Sigurðsson 1951
Kristinn Jónsson 1952 og 1953
Aðalsteinn Óskarsson 1954



Kristín Hjálmarsdóttir, formaður láðu, félags verksmiðjufólks, Akureyri, 1982-1994.

Fríðsteinn Bergsson 1956, 1957 og 1963
Árni Lárusson 1958 og 1962
Valdimar Sigtryggsson 1959-1961
Stefán Björnsson 1964
Jón Pálsson 1965-1966



Þorsteinn E. Arnórsson, formaður láðu, félags verksmiðjufólks, Akureyri, 1995-1998.



Afmælissýning í Alþýðuhúsinu



Akureyringar og nærsveitungar!

Komið og skoðið myndir og muni á afmælissýningunni í Alþýðuhúsinu á Akureyri, Skipagötu 14, í tilefni af aldarafmæli samfellds verkalýðsstarfs við Eyjafjörð.

Sýningin er opin laugardaginn 4. og sunnudaginn 5. febrúar kl. 13:00–16:00. Kaffiveitingar á staðnum.

Iðnaðarsafnið á Krókeyri verður opið laugardag og sunnudag á sama tíma.

Vikuna á eftir verður sýningin í Alþýðuhúsinu opin á almennum skrifstofutíma.



Söngur verkamanna

Söngur verkamanna var gefinn út í sérstöku hefti á 10 ára afmæli Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar (hins yngra) árið 1953. Höfundur lagsins er Áskell Snorrason en ljóðið orti Kristján frá Djúpalæk. Gjöfin er tileinkuð félaginu og gefin því „til fullrar eignar og umráða“.

Við unnum það, sem unnið var
um Íslands breiða vang.
Og bóndinn okkar bróðir er,
og bræður þeir um nes og ver,
er sækja sjávarfang.
Við ruddum vegi, byggðum brýr
og brutum land í góðri trú,
sem hlýðin vinnuhjú.
En byggðin þrengdist, burt var sótt
og brotinn akur nýr.

Við hrærðum sement, sand og möl
og sjá: Þar stendur hús.
Og hrjúf, við reku og haka töm,
var höndin styrk og iðjusöm,
til fleiri starfa fús.
Við lögðum götur, gerðum torg
og grófum margan djúpan skurð
og grunn, í aur og urð,
með sigg í lófa, sveitta brá
og sjá: Þar stendur borg.

Í reynd er fánýt bygging bleks.
Við breytum mynd í höll,
í orkustöð og iðjuver,
í öldubrjót og steypuker,
og færum til þess fjöll.
Og skipin flytja farm um höf,
að fylla og tæma þeirra lest
er vinna vönum bezt.
Við nefnum oftár Kölska en Krist
í kola- og sementsgröf.

Við þekkjum vos og vökuraun
í véla- og stormagný.
En hornsteinn alls er iðjuhönd,
sem upp var byggt um dal og strönd,
þó skiptist iðnir í.
Við erfðum frelsi úr feðramund.
Sé fjöreggs þjóðar illa gætt
er hennar lífi hætt.
Og skylda manns við móðurland
skal munuð hverja stund.

Hvað væri þjóð án verkamanns?
Þó vill hann gleymast oft.
Þá fagnað nýrri framkvæmd er,
þeir fjáðu og lærðu hrósa sér
og lyfta skál á loft.
En hungurlaun oss harðstjórn galt.
Og hver er sá, er þekkir ei
hið napra andsvar: Nei,
sem bað um starf í beiskri neyð,
er barn og kona svalt?

Við erum starfsins stolta lið
og stétt vor eflað í raun.
Við krefjumst vinnu, krefjumst brauðs,
við krefjumst réttra skipta auðs,
að hljóti hver sín laun.
Að vinna aðeins sjálfum sér
er sök við lífsins boðorð hvert.
Hitt verður mest um vert:
Að saman jafnt í sókn og vörn
og sigri stöndum vér.



Kristján frá Djúpalæk

Hamingjuóskir á merkur tímamótum



Fiskitanga - 600 Akureyri - Sími 580 4100 - www.ua.is



Hvað langar þig að gera þegar þú hættir að vinna?

Láttu draumana ræstast með Lífsvalli

Lífsvallir, lífeyrisþjónustur Sparisjóðsins er
trúast með fyrir þig til að ná fjármáttalega
öryggi á ekkil ársins. Hjólmastúlur Sparis-
jóðsins hjálpa þér við að velja hentuga
lífeyrisáhrif.

Helstu kostir Lífsvalla
■ Engin upphafsgjöld
■ Ókeypis áhrif
■ Sparisjóður greiðir við áhrif
■ Samgönging starfslífs
■ Síma hlífð á ekkil ársins
■ Sparisjóðsvefni


**SPARISJÓÐUR
NORÐLENDINGA**
til vaxtar fyrir þig

www.sparior.is

EKKI GERA EKKI NEITT



Hefur þú fengið bréf frá Intrum vegna ógreidds reiknings?
Þá vantar eiganda reikningsins peninga sem hann hefur
gert ráð fyrir og leitar því til okkar eftir aðstoð.
Markmið okkar er að innheimta ávallt reikninga á sanngjarnan
hátt og með lágmarks kostnaði.

Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti og því er alltaf best
að bregðast fljótt við innheimtubréfi frá Intrum og gera
hreint fyrir sínum dyrum.

En hvað sem þú gerir – ekki gera ekki neitt

intrum  **justitia**

www.intrum.is

Að verja sigrana

Eitt lengsta og harðvítugasta verkfall Íslandssögunnar var háð árið 1955. Í þeim átökum náðist ekki aðeins fram umtalsverð hækkun launa. Þar vannst jafnframt sigur í einu helsta baráttumáli alþýðusamtakanna um tugi ára; að koma á atvinnuleysistryggingum. Hér á eftir fara brot úr ræðu Björns Jónssonar á útifundi verkalyðsfélaganna við Verkalyðshúsið 1. maí 1955, þremur dögum eftir að þessum miklu átökum lauk.

„Sóknjarfasti hluti verkalyðsstéttarinnar hefur undanfarnar sex vikur staðið í ferlegustu átökum, sem hún hefur nokkru sinni háð við auðstéttir landsins og farið með sigur af hólmi. Í þessum átökum höfum við séð glegggra en áður innviði auðvaldsskipulagsins í landi okkar, kynnst baráttuaðferðum burgeisastéttarinnar, fundið styrk okkar þegar við stöndum sameinaðir.

Í upphafi vinnudeilunnar og meðan á henni stóð reyndu málögögnum afturhaldsins að telja verkfallsmönnum og öllum almenningi trú um að „þetta væri tilgangslausasta verkfall, sem nokkru sinni hefði verið háð á Íslandi,“ svo notuð séu óbreytt orð Morgunblaðsins. Í dag stöndum við andspænis þeirri staðreynd, að verkfallið hefur fært okkur 12% beina launahækkun, nokkrar lagfæringar á ýmsum

samningsatriðum og síðast en ekki síst komið í höfn einu helsta baráttumáli alþýðusamtakanna um tugi ára, atvinnuleysistryggingum. Það kann að vera að þetta atriði hinna nýju samninga sé ekki allstaðar metið að verðleikum, enn sem komið er, en á komandi tímum verður sá sigurinn án alls vafa talinn mikilvægari en allir aðrir, sem unnust í verkfallinu og verður jafnað til þeirra réttinda vinnandi manna, sem verkalyðshreyfingin hefur unnið best og merkust. Þar mun fara að skömmum tíma liðnum eins og skáldið kvað um verk hinna sóknjörfu vegagerðarmanna:

*„Er starfinu var lokið
og leyst hin mikla þraut,
fannst lýðum öllum sjálfsagt að
þarna væri braut.“*

Slíkir sigrar verða ekki metnir til



Björn Jónsson í ræðustóli 1. maí 1955.

fjár fremur en réttlætismál á borð við togaravökulögin, lögin um almannatryggingar og orlofslögin. Þeir eru varðar við leið okkar til jafnréttis og öryggis, sem munu standa löngu eftir að hinar beinu launabætur eru gleymdar. Þrátt fyrir þetta er heldur ekki úr vegi að gera sér grein fyrir því um hve miklar tryggingar gegn atvinnuleysinu hér er að ræða. Fyrir félagsmenn í Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar einu, þýða atvinnuleysistryggingarnar allt að hálfri milljón króna eða meira á ári og fyrir öll verkalyðsfélögin í bænum yfir eina milljón króna.“

Einni kröfunni færra

„Mín skoðun er sú, að þótt ekkert annað en atvinnuleysistryggingarnar hefði unnist í verkfallinu mundi þess verða minnst um langa framtíð af íslenskum alþýðumönnum og verkfallsmönnum, sem lögðu á sig erfiði, hatur afturhaldsaflanna og jafnvel hungur til að knýja þær fram, þakkað að verðleikum. Í dag er því einni kröfunni færra borin í kröfugöngum verkamanna á Íslandi. Ein þeirra hefur verið uppfyllt, ekki aðeins fyrir verkfallsmenn, heldur einnig aðra vinnandi menn í öllum starfsgreinum. Í því birtist ein fyrsta siðgæðishugmynd verkalyðshreyfing-

arinnar, sú að meta hag stéttarinnar allrar meira en eigin ávinning.

Atvinnuleysistryggingarnar eru gjöf verkfallsmanna, sem sjálfir urðu að þola margskonar harðræði, til allrar alþýðustéttarinnar á Íslandi. Mætti sú staðreynd verða til þess að efla enn bræðralag allra vinnandi manna og sanna þeim, sem heldur kjósa sér hlut áhorfandans en þátttakandans, þegar í harðbakkann slær og á reynir, hvað samstillt átök allrar alþýðunnar megna.“

Eygjum leiðina til sigurs

... „Íslensk alþýða mætir þessum degi sem sigurvegari. Fyrir fáum dögum stóð forustusveit hennar í eldi verkfallsbaráttunnar gegn ofsafengnari og tillitlausari forrétindasveit en við höfum áður haft kynni af. Það átti að ganga á milli bols og höfuðs á samtökunum. Líf þeirra var í veði, ef veikur blettur yrði fundinn á brynju samtakanna. Þeirri viðureign er lokið. Við hyllum þær þúsundir verkfallsmanna sem færðu fórnir fyrir okkur alla, fyrir okkur öll, hvar í flokki sem við stöndum, hvar í byggð sem við búum. Í fórnfýsi þeirra samtaka, vilja og karlmennsku eygjum við leiðina til sigurs, leiðina til framtíðarinnar.“

Millifyrirsagnir eru blaðsins.



Þessi mynd af Birni Jónssyni og eiginkonu hans, Þórgunni Sveinsdóttur, er tekin í kveðjuhófi sem haldið var til heiðurs Birni árið 1973 en hann var þá að hætta sem formaður Verkalyðsfélagsins Einingar eftir 10 ára starf.

Óskum eyfirsksri verkalýðshreyfingu til hamingju með daginn!

 Verkalýðsfélag Suðurlands www.vlfs.is	 Verkalýðsfélagið Vaka Siglufirði	 PÓSTURINN allur pakkinn
 www.eimskip.is	 www.van.is	 DALVÍKURBYGGÐ Ráðhúsinu, 620 Dalvík www.dalvik.is
 www.strikid.is	 Verkalýðsfélag Húsavíkur www.vh.is	 Ólafsfjarðarbær www.olafsfjordur.is
 www.vsf.is	 Verkalýðsfélag Þórshafnar www.vh.is	 Eyjafjarðarsveit www.esveit.is
 Verzlunarmannafélag Reykjavíkur www.vr.is	 Starfsgreinafélag Austurlands www.asa.is	 SAMHERJI HF www.samherji.is
 Matvæla- og veitingasamband Íslands Stíðnað 1986 www.matvis.is	 Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar	 OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF www.olis.is
 Félag járníðnaðar- manna www.metalnet.is	 Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur	 VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF - þar sem tryggingar snúast um fólk www.vis.is
 Verkalýðsfélag Akraness www.akranes.sgs.is	 www.bsrb.is	 TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN www.tmhf.is
 www.samstada.is	Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðinn	 brimborg akureyri www.brimborg.is
 Verkalýðsfélag Stykkishólms	 KJÖLUR Stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu www.kjolur.is	 TOYOTA Skemmti, Trú, Ást, Éfi
 www.skagafjordur.com/aldan	 form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099	 VÍFILFELL www.vifilfell.is

„Ég vil fá tunnuna mína!“

- Gamansaga úr verkfallsbaráttunni 1955

Verkfallsvörður við Lónsbrú

Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar, sem nú hefur átt í verkfalli hálfan mánuð, hefur sett bann við vöruflutningum til bæjarins og frá, undanskildir þessu banni eru þó allir flutningar í sveitirnar hér í kring og frá þeim, aðrir en með bensín og olíur. Til að framfylgja þessu hefur verkfallsnefndin haft verkfallsvörð á þjóðveginum utan við Lónsbrú. Samskonar ráðstafanir hafa verið framkvæmdar á vegum í nánd við Reykjavík.

Af fréttum blaðanna syðra sést, að afturhaldið og auðmannaklíkan, sem ætla sér að svelta verkalýðinn til hlýðni við sig, hefur hvað eftir annað staðið fyrir hinum dólgslegustu árásum á verkfallsverðina þar. Nótt eftir nótt hefur verið sent áráslíð frá stöðvum Sjálfstæðisflokksins, búið bareflum og handslökkvæðum! Til að berja á verkfallsvörðunum. Þessar fantalegu tilraunir hafa þó mistekist að mestu vegna þess að verkfallsmenn hafa fjölmennt á vaktirnar síðan fyrstu árásum voru gerðar og hefur það komið í veg fyrir að glæpalíði íhaldsins tækist sitt ætlunarverk. Til þessara árása hafa einkum verið notaðir dæmdir menn og hverskyns drullusokkar, lögreglu og réttvísi að illu einu kunnir.

Hér í bænum finnst aftur á móti lítið af slíkum manntegundum, góðu heilli, og hafa verkfallsverðir við Lónsbrú yfirleitt mætt skilningi og kurteisi hjá vegfarendum og öðrum, enda er umferð algerlega látin afskiptalaus að öðru leyti en því, sem að framan greinir.

Föstudagurinn langi og „postularnir“ 12

Á fjórða tímanum fyrra föstudag, sem var hinn heilagi og langi föstudagur kristinnar, renndu tveir fólksbilar út fyrir Lónsbrú og staðnæmdust óbeðnir hjá verkfallsvörðum þar, en þeir voru þrír á vakt. Út



Það var harka í mönnum í verkfallsbaráttunni 1955. Sett var bann við vöruflutningum til bæjarins og frá og stóðu menn vaktina á þjóðveginum utan við Lónsbrú.

úr bilunum stigu 12 menn, postulatán að Júdasí meðtöldum. Voru þar komin ungmenntir úr Menntaskólanum á Akureyri. Ávörpuðu þeir vaktmennina lauslega, en kváðust vera hér komnir til þess að brjóta „þessa ölöglegu vörslu á vegum úti á bak aftur og opna veginn.“ Þeim var högværlega bent á, að vegurinn væri opinn öllum venjulegum borgurum og öllum farartækjum öðrum en þeim, sem flyttu vörur í banni verkalýðssamtakanna. Ekki létu hinir 12 unglingar neinar fortölur eða rök á sig fá, en urðu brátt hinir gunnreifustu í muninum og viðhöfðu stór orð um að láta hendur skipta, ef vörðurinn yrði ekki tafarlaust leystur upp. Sögðust þeir vera umbjóðendur „lýðræðisins í vestri“ og sjálfskipaðir vökumenn yfir andlegu og efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar.



„Tunnan“ fræga, sem seld var á föstudaginn langa 1955, fyrir 30 krónur. Hún er hér til vinstri og búin að fá „félagsskap“ af annarri „tunnu“ sömu gerðar.

Tunnan og lýðræðið í landinu

Verkfallsverðir höfðu sett steinbákn nokkurt á neðri brún vegarins, þar sem þeir standa vörðinn. Þetta steinbákn er frá dögum hersins. Það er tunnulagaður steypukökkur og mun hafa verið notaður sem hliðstólpi eða vegvísir meðan herinn dvaldi á þessum stað. Hér eftir verður þessi gripur nefndur tunna, þótt engin tunna sé.

Tunnunni vildu unglingarnir fyrir hvern mun ryðja úr vegi og töldu hana brjóta í bága við „lýðræðið“ og vera hinn mesti „skandal“ fyrir frelsið í landinu. Byrjuðu þeir nú fangbrögð við ferlikið og hugðust koma tunnunni út af kantinum.

Einbjörn, tvíbjörn og ekki gekk rófan

Sá er hafði aðallega forustu fyrir hinum 12 postulum lýðræðisins er forstjórasonur af Akranesi, ekki ógeðugur unglingur, dókkur yfirlitum og meðalmanngildi á vöxt. Svipur hans og látbragð allt ber með sér að hann sé vanur því að fá það sem hann biður um eða langar í. Það kom fylgulegur þráasvipur á andlit hans, þegar hann varð þess var að tunnan gekk lítið eða ekki, þrátt fyrir fangbrögð hans og félaganna. Verkfallsverðirnir létu þá að mestu afskiptalaus, nema hvað

einn þeirra setti tana fyrir tunnuna, þegar atrennur drengjanna voru hvað harðastar og tunnann var í þann veginn að hreyfast úr stað. Leiddist nú liðinu þóf þetta og sáu að tunnan mundi enn um sinn standa í vegi lýðræðisins í landinu, nema aðrar og meiri ráðstafanir yrðu gerðar.

Eigandinn og 30 pappírspeningar

Spyr nú fyrirliðinn með þjósti nokkrum, hver eigi þessa tunnu, því eignarrétturinn er auðvitað næstur lýðræðinu, og sá sem elskar lýðræðið meira en sjálfan sig ann eignarréttinum eins og náunga sínum, svo ekki sé meira sagt. Já, hver á tunnuna? Á því gat legið nokkur vafi. Sennilegast var talið að bóndinn í Grænhól hefði mest tilkall til hennar, næst Elísabetu Englandsdrottningu. En víst var að bóndinn á Grænhól hafði heimilað verkfallsvörðum afnot af tunnunni. Er nú sendur hraðboði á fund bóndans og að vörmu spori kemur hann á staðinn. Hefjast nú langar viðræður milli hans og „postulanna“ og fala þeir tunnuna til kaups. Segjast ætla að fjarlægja þessa tunnu í nafni lýðræðisins, en búast við að hún verði leiðitamari út af veginum eigi þeir hana sjálfir. Forstjórasonurinn af Akranesi býður allt að 30 krónur í tunnuna og segist greiða út í hönd. Eftir mikið orðaskak varð það úr að bóndi slær honum tunnuna fyrir 30 krónur og stóð ekki á greiðslunni. Það voru að vísu 30 pappírskrónur, en þrjátíu peningar samt. Bóndi hverfur síðan á braut.

Á fundi lögreglunnar

Nú þóttust piltarnir standa með pálmann í höndunum. Tunnan var þeirra eign, upp á það höfðu þeir skriflegt afsal frá Grænhólsbónda - og nú var ekki annað eftir en taka hana. Helst vildu þeir flytja hana í bæinn og hafa sennilega ætlað sér

*Til hamingju með merkan áfanga
í mikilli sögu*



GRÝTABAKKAHEPPUR
www.grenivik.is

*Til hamingju með
aldarafmælið!*



*Til hamingju með
hundrað árin!*



*Verkafólk við Eyjafjörð.
Heillaóskir á 100 ára afmælinu!*



*Eyfirskt verkafólk.
Til hamingju með daginn!*



*Eyfirsk verkalyðshreyfing.
Heill þér, hundrað ára!*



Sími 461 3666 · www.fremri.is



**Óskum eyfirsku verkalyðsstarfi
til hamingju
með aldarafmælið**

GÚMMÍVINNSLAN
Réttarhvammi 1 - 603 Akureyri
Sími: 464 7900 - Veffang: gv.is - Netfang: gv@gv.is

að koma henni fyrir á lóð Mennta-skólans sem sigurtákni lýðræðis og eignaréttar. En bílakostur þeirra var ekki slíkur að hægt væri að flytja eignina með þeim og þurfti því sýnilega að gera aðrar ráðstafanir. Kemur drengjunum nú saman um að senda nokkra í bæinn eftir vörubífreid, sem gæti flutt tunnuna. Þeim, sem til þeirrar ferðar völdust, var einnig sagt að fara á fund lögreglunnar og fá liðsinni hennar til að ná eigninni úr greipum vaktmanna. Um afdrif þessa leiðangurs er fátt vitað, en enginn leiðangursmanna kom aftur að Lónsbrú. Lögreglan fékkst ekki til að skipta sér af málinu.

Tunnan fer af stað, en...

Nú skipuðust málin þannig ytra, að fleiri verkfallsmenn komu á vaktina með því að vaktaskipti áttu að vera kl. 4. Unglingarnir voru að mestu látnir afskiptalausir en þeir hnoðuðust við tunnuna í sífellu. Kom þar að hún fór af stað og mátti þá heyra fagnaðaróp mikil úr liðsflokki drengja. Gátu þeir nú velt tunnunni nokkra snúninga eftir veginum, hafa sennilega ætlað að koma henni á öruggari stað og heppilegri áður en lögreglan og vörubíllinn kæmu. En tunnan gekk hægt og seinlega, enda voru tær verkfallsmanna stundum fyrir til augljósra óþæginda.

Skólameistari kvaddur til

Á meðan þessu fór fram höfðu verkfallsmenn haft tal af skólameistara og sögðu honum hvað drengirnir hefðust þarna að og væri hyggilegra að skakka leikinn

áður en meira hlytist af. Skólameistari brá hart við og kom á staðinn. Sló þá nokkuð á suma í liði „postulanna,” þegar meistari steig út úr bílnum hjá Lónsbrú. Hann bað þá að hætta þessum stimpingum þegar í stað, kvað þetta ekki vera innan þeirra verkahringis og þeim mundi sæmra að dveljast ekki mikið lengur á þessum stað. Og fleira sagði hann við þá í sama dúr.

Mín tunna

En eigandi tunnunnar taldi sig ekki gata farið tunnulausan í bæinn og veifaði „afsalinu.” Skólameistari hafði hinsvegar engan áhuga fyrir því og spurði hvort hann ætlaði að hafa tunnuna í herbergi sínu. „Það er sama. Ég vil fá tunnuna mína,” stagaði drengurinn af Akranesi í sífellu, með ölundarvipur um alla ásjónuna.

En það var sama hversu oft og kröftuglega drengurinn lýsti yfir eignarrétti sínum á tunnunni. Skólameistari taldi að hann hefði öðru þarfara að sinna en velta einhverjum tunnum út við Lónsbrú. Kom þar að lokum að skólasveinarnir skriðu inn í bíla sína og fylgdu skólameistara eftir til heimkynna sinna. Og tunnan var færð í sömu skorður og áður!

Tunnunnar vitjað á ný

Daginn eftir, laugardag fyrir páska, fara M.A.-drengir enn á stúfana. Er liði safnað af mikilli leynd en harðfylgi, og á nú að láta til skarar skriða og sækja tunnuna. Mun „tunnueigandinn” og nokkrir aðrir, sem fastast fylgdu honum að málum á langa frjádag hafa skipulagt liðs-



Það fékk enginn að komast leiðar sinn án þess að gera ferðum sínum skil.

söfnun þessa, nema önnur öfl hafi þar einnig komið til, sem ekki er ósennilegt.

Ekki vildi þó „eigandinn” vera á oddinum í þetta sinn og munu aðvörunarorð skólameistara hafa valdið. En hvað um það. Kl. um sjö að kvöldi er tilbúin 30 - 40 manna sveit, sem staðráðin er í því að gera stóra hluti við Lónsbrú. Er leitað eftir bílum á stöðvunum til að flytja flokkinn á staðinn, en þá bregður svo við að þeim er alls staðar neitað um bíla, þar sem stöðvarnar vildu ekki láta auglýsa bifreiðir sínar á þennan hátt.

KEA bíllinn bjargar

En eins og oft áður þegar neyðin er stærst, þá er hjálpin næst. Drengjunum tókst með einhverju móti að fá til fararinnar yfirbyggða vörubífreid, A-927, sem tilheyrir Raflagnadeild KEA og ber auðvitað stóran KEA-stimpil, eins og flestir góðir hlutir hér í bæ. Ekki er vitað hvort forráðamönnum samvinnufyrirtækisins hefur verið kunnugt um ferð þessa eða þeir lánað bifreiðina, en telja verður það ósennilegt að svo stöddu. En inn í þennan bíl fer allur flokkurinn og læsir að sér. Er svo ekið sem leið liggur úteftir. Þá var klukkan að verða 8. Hafa drengir sennilega valið þennan tíma með hliðsjón af matartímanum og reiknað með að þá mundi helst fámennt á verðinum við Lónsbrú.

En nokkru áður fékk verkfallsskrifstofan veður af ráðagerðinni og þar af leiðandi voru fleiri mættir á vakt útfrá en venjulegt er. Þetta

mun hafa skyggt nokkuð á gleði herdeildarinnar og dregið úr henni mesta móðinn. Þeir keyrðu framhjá á úteftirleið og létu ekkert til sín heyra, en snéru þó fljótlega við og komu aftur. Þegar bíll þeirra hafði verið stöðvaður opnaðist afturhurðin og dátarnir tóku að hoppa niður á veginn, rétt hjá tunnunni. (Þær voru nú reyndar orðnar tvær, því vaktmenn höfðu fundið aðra eins, þarna skammt frá, og fært hana til hinnar „seldu” tunnu.)

Sjálfstæðistunna er kyrr

Fylkingin tvísté kringum tunnunar og upp á þeim, og fyrirlíðinn, þreklegur strákur, sonur yfirfiskimatsmannsins á Norðurlandi, kvað það meiningu sína og sinna liðsmanna að sækja tunnu, sem væri skjalföst eign eins skólabróður síns, en tunna þessi væri mikill þröskuldur í vegi alls frelsis og lýðræðis þar sem hún nú væri. Honum var sagt að hann skyldi þá taka þessa tunnu. Ekki varð þó neitt úr framkvæmdum að heldur, enda þurfti nokkurt átak til að færa tunnuna upp á bíl. Virtist brátt allur móður renna af flestum í liðinu og eftir tæprar klukkustundar viðdvöl hjá Lónsbrú hvarf allur flokkurinn á brott í KEA-bílnum. Og „það voru hljóðir og hógværir menn, sem héldu” til Akureyrar.

Lýkur hér að segja frá heimsóknunum hinna verðandi menningarfrömuða og baráttu þeirra við tunnuna hjá Lónsbrú, sem eflaust er ein mesta sjálfstæðis-tunna í heimi.

Birtist í Verkamanninum 15. apríl 1955, nafnlaust.



Stefán Aðalsteinsson og Sverrir Georgsson, verkfallsverðir við Lónsbrú vorið 1955.



*Félagsmenn
verkalýðshreyfingarinnar
við Eyjafjörð!*

*Hjartanlegar hamingjuóskir
með aldarafmælið*

Þökkum ánægjuleg samskipti fyrr og nú



ÖLL LÍFSINS GÆÐI
Akureyrarbær

Löjudeilan á Akureyri

Löjudeilan á Akureyri árið 1937 er ein lærdómsríkasta vinnudeila, sem háð hefur verið hér á landi. Rekstur hennar og gangur allur sýnir ljóslega þá hættu sem fólgin er í skipulagslegum tengslum verkalyðshreyfingarinnar við ákveðinn stjórnamálaflokk. Steingrímur Aðalsteinsson ritaði langa og merka grein um þessa vinnudeilu árið 1937, rétt eftir að deilunni lauk. Hér birtist mjög stytt endursögn greinarinnar en greinina í heild sinni má finna á heimasíðu Eingar-löju, www.ein.is

Aðdragandi deilunnar

Félagið Löja var stofnað sökum nauðsynjar á samtökum um að bæta launakjör og vinnuskilyrði verksmiðjufólks. Vinnulaun voru allt að 50% lægri en greitt var í Reykjavík fyrir sams konar vinnu, þrátt fyrir 23 ára viðleitni forstjóra Gefjunar (að hans eigin sögn) til að hækka vinnulaun sem frekast var unnt.

Strax eftir að Löja var stofnuð gerði hún því friðsamlegar tilraunir til þess að ná samkomulagi við atvinnurekendur um sómasamlegt kaup, en svar atvinnurekenda var að hundska félagið og reyna að ganga að því dauðu með stofnun svokallaðra starfsmannafélaga í einstökum verksmiðjum, sem þeir sjálfir höfðu töglin og hagldirnar í. Löja leitaði þá til Alþýðusambandsins og tók stjórn þess við málinu haustið 1936 með það fyrir augum að ná, án vinnudeilu, samningi við stjórn S.Í.S.

Launin miklu hærrí í Reykjavík

Löja í Reykjavík hafði á þessum tíma í hyggju að hækka kauptaxta þann sem hún hafði fengið viðurkenndan, en þar sem sá kauptaxti



Innkaupastjórar kaupfélagana í heimsókn í Lögunni í nóvember árið 1954.

var mun hærri en vinnulaun í verksmiðjum á Akureyri var helsta undanbragð verksmiðjueigenda í Reykjavík að vitna í hið óheyrilega kaup þar og þá samkeppnisörðugleika sem þeim stafaði af því. Því sendi Löja í Reykjavík Runólf Pétursson til Akureyrar, sem einn þátt kaupgjaldsbaráttu félagsins í Reykjavík, til þess að reyna að koma skriðu á starfsemi löju. Hann fékk í lið með sér erindreka Al-

þýðusambandsins, Jón Sigurðsson, og leitaði jafnframt eftir stuðningi verkalyðsfélaga í bænum, ef til vinnudeilu skyldi koma.

Þessi aðgerð heppnaðist, því nú streymdi verksmiðjufólkið inn í Löju og hækkaði félagstala hennar á skömmum tíma um helming. Enn var leitað eftir samningum við forráðamenn verksmiðjanna en þeir fóru undan í flæmingi og vildu ekki taka upp slíkar viðræður.

Þá setti Löja kauptaxta, sem í höfuðatriðum var sniðinn eftir kauptaxta löju í Reykjavík, og gekk hann í gildi 25. október. Atvinnurekendur var tilkynnt að taxtinn yrði knúinn fram í krafti samtakanna ef þeir gengju ekki að honum eða gerðu launasamning við löju fyrir tiltekinn tíma, en greinilegt var að atvinnurekendur ætluðu ekki láta undan öðru en afli samtakanna. Því ákvað Löja að vinnustöðvun skyldi framkvæmd strax um mánaðamótin okt.-nóv.

Löja leitaði til annarra verkalyðsfélaga bæjarins um aðstoð og hétu þau öll eindregnu fylgi sínu, einnig stjórn Alþýðusambandsins og þar með félag þess um land allt.

Verkfallsstjórn var mynduð með tveim fulltrúum frá hverju verkalyðsfélagi bæjarins, sem samkvæmt beiðni hafði gerst aðili að deilunni, og ennfremur erindreka Alþýðusambandsins. Hafði þannig 15 manna nefnd stjórn á undirbúningi og framkvæmd verkfallsins. Kom sú nefnd nokkrum sinnum saman áður en vinnustöðvunin var framkvæmd og má fullyrða



Barbara Ármannsdóttir við spunavél í Gefjun.

að í engri vinnudeilu, sem þarna hafði verið háð, hafi fyrirfram verið jafn mikil trygging fyrir því að deilan hlyti að vinnast.

Fyrstu dagar deilunnar

Vinnustöðvunin var framkvæmd, á mjög rólegan og friðsaman hátt, í verksmiðjunum Gefjun og Iðunni að morgni 2. nóvember, en í verksmiðjunum í Grófargili og Skóverksmiðju J.S. Kvaran kl. 1 e.h. sama dag.

Að kvöldi fyrsta dagsins var fundur verkfallsmanna í Verkalýðshúsinu og var húsið alveg troðfullt. Þar voru saman komnir félagar úr Iðju, að mestu leyti ungt fólk sem fæst hefur áður tekið virkan þátt í stéttarbaráttu akureyrskra verkalýðsins. Einnig fleiri eða færri meðlimir allra verkalýðsfélaga bæjarins og þá ekki síst þeir sem höfðu háð og unnið viðfrægar vinnudeilur. Þeir komu til að fylla upp eldmóð æskunnar með kunnáttu og orku hins reynda verkamanns og harðnaði í eldi stéttarbaráttunnar.

Eining verkalýðsins reyndist það afl sem atvinnurekendur stóðu ráðþrota yfir og á meðan því afli var beitt, samkvæmt einhuga ákvörðunum verkfallsstjórnarinnar, var stöðug sókn af hálfu verkfallsmanna. Á skömmum tíma hefðu þeir brotið til fulls á bak aftur stærilæti viðkomandi atvinnurekanda og knífni gagnvart verkafólkinu sem leitt hefði til fullkomins sigurs, en þá kom atvinnurekendur lið þaðan, sem síst skyldi. Frá stjórn landsamtaka verkalýðsins, Alþýðusambandsstjórninni.

Straumhvörf

Stjórn S.Í.S. og umboðsmenn þess höfðu frá upphafi vinnustöðvunarinnar sett sem skilyrði fyrir því að þeir fengjust til viðræðu um lausn hennar að létt yrði vöruflutningabanni af verslun KEA, en verkfallsstjórnin ansaði ekki slíku. Stjórn Alþýðusambandsins hafði þó gefið undir fótinn í þessu efni og erindreki þess var öðru hvoru að þreifa fyrir sér í verkfallsstjórnina með tilslakanir í þessa átt. Þegar verkfallið hafði staðið í níu daga fékk

hann því til komið að verkfallsstjórnin samþykkti að aflétta vöruflutningabanninu af KEA til bráða-birgða.

Þessi ákvörðun verkfallsstjórnarinnar var fastbundin þeim fyrirvara, að umboðsmenn S.Í.S. kæmu til samninga þá strax um kvöldið og hefðu fyrir 10 næsta morgun skuldbundið sig til: 1) Að taka aftur í vinnu allt það iðnverkfólk, sem hjá þeim vann, er verkfallið hófst. 2) Að höfða engin mál út af vinnudeilunni. 3) Að hafa ekki eftirleiðis í vinnu í verksmiðjunni annað fólk en það sem væri í eða gengi í Iðju.

Væri þessum skilyrðum ekki fullnægt skyldi vöruflutningabandið hefjast aftur kl. 10 næsta morgun. Ennfremur fólst í ákvörðun verkfallsstjórnarinnar fyrirumáli um, að strax og það sýndi sig að fulltrúar S.Í.S. ætluðu að draga samningaviðræðurnar á langinn án þess að gera boð, sem væru sæmilega aðgengileg fyrir fólkið, skyldi vöruflutningabandið hafið á ný og útvíkkað.

Það sýndi sig að þarna urðu straumhvörf í deilunni, verkafólkinu til ófarnaðar. Skilyrði verkfallsstjórnarinnar voru ekki uppfyllt og þó sátu umboðsmenn Iðju sólarhringum saman í málþófi við fulltrúa S.Í.S. án þess nokkrar ráðstafanir væru gerðar til að pressa þá til viðunandi samninga. Þvert á móti var þeim gefið tækifæri til að draga að sér öll þau föng, er fánleg voru á staðnum, og búast þannig við lengri vinnustöðvun.

Ávöxtur undanfallsins

Ávöxtur þessarar afsláttarpólitíkur og málþófs við umboðsmenn atvinnurekenda kom fram í fyrsta tilboði þeirra og verður það smánar-tilboð þeirra ekki skýrt með öðru en því að þeir teldu sig hafa undirtökin á öðrum þýðingarmiklum stöðum. Tilboðinu var umsvifalaust hafnað og sett var fram skýlaus krafa um að þessum samtakamætti væri beitt á jákvæðan hátt til fljótrar og verkafólkinu hagkvæmrar lausnar í vinnudeilunni. Framkvæmdastjórn deilunnar varð



Skúli Sigurgeirsson við vefstól en þess má geta að karlmannsvefarar nutu sérkjara við gerð kjarasamninganna árið 1937.



Önnur kafnar konur að störfum í Gefjun. Laun kvenna voru lengi vel lægri en laun karlmanna sem unnu á sama stað.



Verksmiðjuvinna getur verið erfið og lýjandi og ekki bætti úr skák að lengi vel fékk verksmiðjufólk í Reykjavík hærra kaup en verksmiðjufólk á Akureyri.

ekki við þessari kröfu og skipaði erindreka sínum að kippa úr höndum verkalyðssamtakanna á staðnum sterkasta vopninu sem þau höfðu yfir að ráða. Verkfallsstjórninni var það frá upphafi fyllilega ljóst að vöruflutningabannið á KEA væri það, sem á skemmri tíma en nokkuð annað mundi knýja atvinnurekendur til viðunandi samninga við verksmiðjufólk. Þegar fleiri sólarhringa málþóf við umboðsmenn atvinnurekenda sýndi sig að bera ekki þann árangur, sem lðjufólkið tæki í mál að

sætta sig við, krafðist verkfallsstjórnin þess að þessu vopni yrði beitt að nýju.

Erindreki Alþýðusambandsins svaraði með að lýsa því yfir, að hann mundi slást fyrir því eftir fremsta megni á fundi lðju þá um kvöldið að samningarnefnd hennar fengi fullt umboð til að gera sér-samninga við KEA, á grundvelli þess sama tilboðs sem lðjufundur hafði tveim dögum áður stráðrep-ið og þar með kippa úr höndum verkalyðssamtakanna skæðasta vopninu.

Um þetta urðu skarpar deilur í verkfallsstjórninni sem lauk með því að erindrekinn hafði sitt fram. Í áframhaldi af þessu flutti erindrekinn málið á lðjufundinum um kvöldið og gekk svo langt, að hann hafði í hótunum við fólk, ef það ekki gæfi fyrrnefnt umboð, enda fór svo að það var veitt.

Stjórn Alþýðuflokksins átti undir högg að sækja um pólitíska samvinnu við Framsóknarflokkinn og lét afturhaldsnaglana í Framsókn hræða sig til að fórna hagsmunum verksmiðjufólksins á Akureyri (og verkalyðsins almennt) á altari hrossakaupanna.

Sér-samningurinn við KEA var gerður þann 16. nóvember, eða þegar vinnustöðvunin hafði staðið í hálfan mánuð. Við það róuðust atvinnurekendur og ekkert nýtt tilboð kom frá þeim í viku. Þegar erindreki Alþýðusambandsins var að hamra fram sér-samningum við KEA, lagði hann áherslu á, að verkalyðssamtökin hefðu eftir sem áður tök á að beita vöruflutningsbanninu gegn S.Í.S. og að Alþýðusambandið mundi gera það, ef þörf krefði. Verkfallsstjórnin var kölluð saman og heimtað að Alþýðusambandsstjórnin framkvæmdi nú loforð sín um vöruflutningabann á S.Í.S. svo endir fengist sem fyrst á deiluna, en hún

komst að þeirri niðurstöðu að hún sjá sér ekki fært að verða við þessari kröfu og við það sat.

Tillögur sáttasemjara

Umboðsmenn atvinnurekenda fóru sér að engu óðslega eftir að KEA hafði verið losað úr klípunni með sér-samningum en þegar liðin var heil vika frá því og engar nýjar ráðstafanir verið gerðar til að flýta lausn deilunnar, munu þeir, og sáttasemjari, hafa vonað að fólkkið væri orðið svo óþolinmótt að óhætt mundi að bjóða því öðru sinni tilboð í svipuðum stíl og fyrra tilboðið, en þeir misreiknuðu þol og einbeiti lðjufólksins. Þrátt fyrir þann óeðlilega drátt, sem orðinn var á deilunni, og undanbrögð Alþýðusambandsstjórnarinnar, stóðu lðjufélagar eins og klettur úr hafinu. Þessi fyrirmyndar staðfesta lðjufélaganna, ásamt þoli þeirra við að standa verkfallsvaktir, nætur og daga, alveg til síðustu stundar, átti, úr því sem komið var, drýgstan þáttinn í þeim árangri sem þó náðist að lokum. Atvinnurekendur þrjúskuðust að vísu eina viku enn, en þegar enginn bilbugur fannst á lðjufólkinu var sáttasemjari enn látinn bera fram nýja tillögu sem fól í sér talsvert auknar kjarabætur fyrir verkafólk Gefjunar og var sú til-laga samþykkt af báðum aðilum að kvöldi 1. desember eftir að vinnustöðvunin hafði staðið réttan mánuð.

Það náðist að stíga verulegt spor til kjarabóta fyrir verksmiðjufólkið, bæði hvað snertir kaup og vinnutíma. Hitt var þó meira virði, vegna þess að það skapaðist grundvöllur undir stöðugt vaxandi árangra, að félagslega margfölduðust stéttar-samtök verksmiðjufólks og gerðu sig gildandi sem samningsaðila við fyrirtækin. Það var ekki aðeins að lðja hafi í undirbúningi og framkvæmd deilunnar meira en tvöfaldað meðlimatölu sína, heldur var nú hver meðlimur hennar tvíefldur að félagsþroska og stéttavítund að fenginni sinni fyrstu persónulegu reynslu af samtakamætti verkalyðsins.



Fólk á öllum aldri vann hjá Skinnaiðnaðinum en hér handleika Fróði Hjaltason, Sigurgeir Guðmundsson, Valdimar Bjarnason og Ingólfur Ásbjörnsson gærunar.

Lærdómarnir

Fyrir verkalyð Akureyrar alveg sérstaklega, sem höfðu verið svo sundraðir í stéttarsamtökum sínum, en þó auðvitað um leið fyrir allan verkalyð, er máttur einingarnar, sem svo áþreifanlega kom í ljós allan fyrri hluta deilunnar, sú staðreynd, sem áhrifaríkastir lærdómar verða af dregnir. Engum verkamanni né verkakonu sem tók þátt í deilunni eða fylgdist með gangi hennar gat blandast hugur um að eining og bróðurlegt samstarf verkalyðsfélaga bæjarins var fyrst og fremst sá aflgjafi sem ausið var úr. Sá múrveggur sem drottunargirni og ásælni hinna harðvítugu atvinnurekenda fékk ekki yfirstigið.

Í þessu tilfelli þurfti að hefja verkfall til þess að knýja atvinnurekendur til viðræðu við verkalyðssamtökin. Eftir að vinnustöðvun var framkvæmd og verkalyðssamtökin höfðu haft öll ráð þeirra í höndum sér dögum saman sáu þeir að þeir urðu að hefja viðræður við verkalyðssamtökin. En þeir vildu enn þreifa fyrir sér og settu skilyrði fyrir því að viðræður byrjuðu. Eftir nokkurt þóf var orðið við skilyrðinu, þeim réttur litli fingurinn og þá færðu þeir sig auðvitað upp á skaftið. Tóku smám saman alla höndina og véluðu í gegn sérþingningum við KEA.



Þessi mynd frá árinu 1952 er úr frágangsdeild skóverksmiðjunnar. Tvær ungar stúlkur hreinsa skó og ganga frá þeim til pökkunar.

Sem sagt: Í vinnudeilum dugar engin „góðmennska“ við atvinnurekendur. Slíkt launa þeir aðeins með vélbrögðum og ásælni. Það er aðeins óhvikul beiting einhuga og djarfra samtaka, sem dugir.

löja, sem fyrir deiluna var máttlaust félag sem atvinnurekendur neituðu að taka tillit til, var orðið afl sem ekki var lengur gengið framhjá.



Góðir félagar að störfum í skinnadeild lúnnar. Lengst til vinstri er Benedikt Guðmundsson, þá Páll Ólafsson en ekki er ljóst hver snýr baki í myndavélina.



Guðrún Jónsdóttir hreinsar og straujar skó. Myndin er tekin í skóverksmiðjunni árið 1960.

Þriggja flokka menn

Eftir að Verklýðsfélag Akureyrar var stofnað 1933 héldu kommarir og annarra flokka menn í Verkamannafélagi Akureyrar óhikað áfram baráttu sinni fyrir hækkun launa og aukinni atvinnu í bæjarfélaginu, þrátt fyrir erfiða aðstöðu á flestum sviðum næstu árin þegar heimskreppan var í algleymingi.

Erlingur Friðjónsson og félagar hans í Verklýðsfélagi Akureyrar lögðu hins vegar enga áherslu á

kauphækkun og samþykktu raunar kauplækkun í ýmsum tilfellum. Þeir lögðu höfuðáherslu á að semja um að félagsmenn þeirra hefðu forgangsrétt til þeirrar vinnu sem fyrir hendi var. Leist þá mörgum atvinnurekendum að vonum betur á að semja við þá en kommalíðið, sem sífellt vildi hækka kaupið.

Pólitísk afstaða

Fór þá svo að sífellt þrengdi að hjá félögnum í gamla verkamannafélaginu og sífellt fleiri gengu um algerlega atvinnulausir. Gripu þá ýmsir til þess að sækja um innngöngu í Erlingsfélagið, en þar var ekki hlaupið að því að fá innngöngu því að þar áttu engir að fá inni sem væru flokksbundnir í öðrum flokkum en Alþýðuflokknum eða væru yfirlýstir stuðningsmenn annarra flokka, enda urðu umsækjendur að undirrita stuðningsyfirlýsingu við Alþýðuflokkinn og sérstök dómnefnd kannaði inntökubeiðnir með tilliti til pólitískrar afstöðu viðkomandi.

Nokkrum tókst þó að komast í gegnum sigtið, jafnvel fáeinum flokksbundnum komnum og þá horfði vænlegar fyrir þeim með að fá vinnu. Þó var hængur á. Kaupfélag Eyfirðinga var stærsti at-



Fyrsta löndun úr togara við bryggju hjá frystihúsi ÚA á Oddeyartanga 28. nóvember árið 1958. Karlmenn bæjarins gátu alltaf gripið í löndunarvinnuna þegar allt annað brást.



Ketilhreinsun í togurum var erfið vinna og afar óþrífaleg. Hér hefur Aðalsteinn Ólafsson, Steini í Svartaskóla, skotist upp á þilfar til að anda að sér fersku lofti.



Önnum kafnar konur við vinnu sína í fiskverkunarstöð Guðmundar Jónssonar á Akureyri árið 1957. Það var eftirsótt að komast í slík störf.

vinnurekandinn í bænum og sá eini sem var í einhverjum vexti á þessum árum, en til þess að gera sér vonir um að fá vinnu þar, nema kannski einn og einn dag við uppskipun eða þvíúmlíkt, þurftu menn að vera í Framsóknarfélagi Akureyrar.

Því gerðist það, sem ekki átti að geta gerst, að nokkrir verkamenn, sem voru flokksbundnir í Kommúnistaflokknum, eignuðust von um vinnu með því að ganga í Alþýðuflokkinn og tókst síðan að tryggja sér vinnu til frambúðar og tryggja afkomu fjölskyldu sinnar með því að ganga í Framsóknarflokkinn. Urðu síðan þriggja flokka menn í nokkur ár.

Lífað á litlu

Það þurfti ýmislegt á sig að leggja til að lifa af á kreppuárunum: „Verkamannafélag Akureyrar lét safna skýrslum yfir „brúttó“-tekjur verkamanna hér, frá síðustu áramótum fram að 1. okt. s.l. Tekjurnar námu alls: 105.569.00. Sé nú ráð fyrir gjört, að tekjur þessa fólks frá 1. okt.- 31. des. nemi rúmum 14 þús. krónum, verða tekjurnar alls 120 þúsundir. 380 manns eiga að hafa framfærslueyri af þessu árlangt, kostar þá framfærsla mannsins að meðaltali 88 1/2 eyri á dag. Má af þessu ráða, að ekki lifi allir kóngalífi um þessar mundir. Einnig verður ekki hjá því komist að álykta, að einhversstaðar hafi verið haldið spart á, þó jafnframt megi

fullyrða að verkamenn hafi safnað talsverðu af skuldum á þessu ári. Trauðla verður þessu fólki með sanni brugðið um óhóf og eyðslu-semi.“

Verkamaðurinn 5. desember 1918

Saltkjöt á 2 krónur!

E.S.

Þess má geta að á þessum tíma var mjólkurpotturinn seldur á 45 auru, kíló af saltkjöti á 2 krónur. Almennt tímakaup verkamanna var 75 aurar á klukkustund, en atvinnuskortur geigvænlegur og atvinnuleysisbætur eitthvað, sem enginn hafði heyrt nefnt.



Mynd tekin í Niðursuðuverksmiðju Kr. Jónssonar árið 1960.



Konur að störfum í fiskverkunarstöð Guðmundar Jörundssonar á Akureyri árið 1957.

Sterkari saman í hundrað ár!

Til hamingju!



Starfsgreinasamband Íslands
sgs.is

www.asprent.is


Ársskýrslur
Bækur
Bæklingar
Bréfsefni
Umbúðir
Límmiðar

Dagatöl
Dagbækur
Markpóstur
Fréttabréf
Auglýsingablöð
Nafnspjöld

Plaggöt
Tímarit
Vikublöð
Fréttabréf
Boðskort
Möppur



ÁSPRENT



Aðalbjörn Pétursson:

Krossanesverkfallið árið 1930

Þótt fjórtán ár séu stuttur tími, er hann samt langur kafli í þroskasögu íslenskrar verkalyðshreyfingar, sem ennþá hefur vart slitið barnsskónum á mælikvarða verkalyðshreyfingarinnar í nágrennalöndunum. Það er lærdómsríkt að rifja upp sögu fyrri verkfalla og Krossanesverkfallið í júní 1930 er fyrir margra hluta sakir merkilegt.

Holdö, erlendur atvinnurekandi og angi af stórrí auðsamsteypu í Noregi, hafði um langt skeið starfrækt síldarverksmiðju í Krossanesi við Eyjafjörð. Fyrirtækið dró brátt til sín vinnuaflið. Óásjálægir kofar verkamanna risu upp við verksmiðjuna, Glerárþorp myndaðist. Atvinnurekandinn er einvaldur. Hann borgaði verkamönnum mishátt kaup eftir geðþóttu, en þó alltaf mikið lægra en greitt var á Akureyri rétt hjá. Vinnuskilyrði og aðbúð öll voru fyrir neðan allar hellur. Samtök verkamanna voru orðin að lífsnauðsyn.

Verkalyðsfélag Glerárþorps var

stofnað um veturinn 1930 og hlaut strax eldskírmina, er atvinnurekandinn, Holdö, sveik gefin loforð um að greiða sama kaup og á Akureyri. Verkalyðsfélag Glerárþorps það þegar um aðstoð Verkalyðssambands Norðurlands, er brá þegar við og var málið tekið fyrir af Verkamannafélagi Akureyrar. Nokkrir af leiðandi mönnum þess voru staddir í Siglufirði. Þar á meðal Einar Olgeirsson, er var í stjórn V.S.N. Komu þeir þegar til Akureyrar í lystibát er Síldareinkasalan átti. Var mikill úlfabytur í nokkrum blöðum, yfir misnotkun bátsins.

Málið tekið í sínar hendur

Sólbjartan dag um miðjan júní hélt svo hundrað manna hópur frá Akureyri til Krossaness. Þannig stóð á, að verið var að reisa nýjan reykhnálf á vélarhúsið í Krossanesi. Heljarmikið járnþák hékk hálfreist í vírstrengnum og smáhækkaði. Þegar til sást af hæðunum fyrir sunnan þorpið kvað við einróma í hópnum: Flýtum okkur úteftir áður en þeim tekst að reisa reyk-

hnálfinn. Það lánaðist. „Ofbeldismennirnir“ frá Akureyri gripu um hendur þeirra, sem stjórnðu vindunni. Ekki einn þumlung meir. Þeim var aðeins leyft að setja fast, og þarna hékk nú reykhnálfurinn í vírunum í fjórtán daga og fjórtán nætur yfir vélarhúsinu, hvílandi á einum litlum parti, svipaður og tunna, sem reist er á rönd. Stormur, sérstaklega á hlið hefði tvímælalaust varpað bákninu út af undirstöðunni eða slitið vírana, enda sást forstjórinn mjög oft gá til veðurs, einnig um miðjar nætur, þannig að veðurathuganagáfa hans hefur tvímælalaust síður en svo tapað á verkfallinu.

Þegar sá góði maður, nokkru síðar söng sitt gamla vers um að hann hætti bara atvinnurekstrinum og flytti til Noregs, þá gutu karlarnir í Glerárþorpi augunum upp í reykhnálfinn fullir aðdáunar, eins og sagt er um ferðalanga er þeir sjá skakka turninn í Písa. „Holdö fer aldrei langt meðan vinurinn er í þessu ástandi.“

Strax er vinna hafði verið stöðvuð var haldinn fundur á vinnu-

staðnum með atkvæðisrétti allra er þarna unnu, jafnt félagsbundinna sem ófélagsbundinna Íslendinga sem útlendinga. Það sýnir glöggð bernskuveikleika þessara verkalyðssamtaka, að í verkfallsnefndina er stjórna skyldi verkfallinu voru kosnir menn, er alls ekki voru verkamenn og ekki unnu þarna. Norðmaður var einnig kosinn, eins og vera bar, því eins og síðar kom á daginn átti deilan fyrst og fremst eftir að snúast um kjör þeirra. Hin nýkjörna verkfallsnefnd ásamt stjórn V.S.N. gekk þegar á fund forstjórans með þeim árangri að þeir fengu að sjá hvernig sannur æsingamaður leit út. Þeir móttóku aðeins illyrði og hótanir eftir því sem næst varð komist.

Kröfur settar

Næsta atriðið var það að yfirvaldið, sýslumaðurinn á Akureyri, birtist á sviðinu eftir ósk framkvæmdastjórans, og byrjaði einskona skemmtilestur úr hegningarlögunum, er lýsti lögleysu á hendur verkamönnum, er að vinnustöðvuninni stóðu, en þeim þótti brátt nóg



Síldarverksmiðjan í Krossanesi - en í kringum hana myndaðist Glerárþorp. Norðmaðurinn Holdö rak verksmiðjuna um langt skeið og átti hann í mikilli kjara-baráttu við Akureyringa árið 1930.

komið, svo þeir hópuðust um valdsmanninn og sungu hann úr garði.

Um kvöldið var svo haldinn fundur í Verkalýðsfélagsi Glerárþorps. Þar voru samþykktar einróma kröfur á hendur atvinnurekandanum. Þær voru:

1. Að sama kaup yrði greitt í Krossanesverksmiðjunni og gildi á Akureyri.
2. Að Norðmenn þeir, er ynnu í verksmiðjunni, fengju sama kaup og Íslendingar, auk þess fríar ferðir.
3. Kaup yrði greitt vikulega.
4. Félagsbundnir verkamenn sætu fyrir vinnu.

Er forstjórann höfðu verið tilkynntar þessar kröfur gekk hann þegar að fyrstu kröfunni en hafnaði hinum. Við þetta sat.

Hinir lítt verkfallsvönu verkamenn í Glerárþorpi áttu styrk sinn og athvarf hjá stéttarbræðrum sínum á Akureyri, er höfðu hjálpað þeim að framkvæma vinnustöðvunina, en það var einnig vitað mál, að erlendi kaupkúgarinn átti einnig sína vini og aðdáendur á Akureyri og sumir þeirra höfðu strax svo hátt að ekki varð efast um vilja þeirra. Það fréttist fljótt um bolla-
leggingar þeirra um hvernig þyngsta farginu yrði velt af Holdö, þ.e.a.s. ljúka við að reisa reykhláfinn í skyndi áður en verkamenn fengju að gert. En hér kom mótbragð. Verkfallsverðir stóðu vörð í Krossanesi allan sólarhringinn, tveir menn í einu á sex tíma vöktum. Í húsi nokkru í Glerárþorpi var launvakt á nóttunni, er sá allt hvað fram fór í Krossanesi og gat einnig með sérstökum ráðum gert aðvart manni inni á Akureyri er síðan átti að gera nokkrum mönnum aðvart, er hver um sig hafði aftur nokkra menn að sjá um. 2 til 3 vörubílar voru einnig til taks.

Vinir Holdös vildu rannsaka árvæknir verkamanna. Fullskipaður bíll ók um miðja nótt út í Krossanes. Áhöfnin, aðallega nokkrir kaupmannssynir frá Akureyri, höfðu ekki lengi horft sínum löngunaraugum upp á reykhláfinn, þegar vörubíll bar að með menn



Síldarlöndun í Krossanesi um 1960.

úr verkfallsnefndinni og verkamenn frá Akureyri og Glerárþorpi. Sumir þeirra voru ekkert frýnilegir.

Sjálfboðaliðar Holdö fóru ekki í fleiri næturheimsóknir til Krossanes, enda var á það minnst á fundi hjá verkfallsmönnum, að sýndu þessir menn sig aftur á vigstöðvunum væri rétt að lofa þeim að mæla dýpið í einni þrónni, sem í voru nokkrar síldarleifar frá fyrra ári.

Stíft fundað

Á meðan deilan stóð, í 14 daga, var fundur haldinn á hverju kvöldi og tveir fundir einn daginn. Allan þennan tíma heyrðist aldrei eitt æðruorð, heldur eggjan, mótmæli gegn afskiptum ríkisvaldsins og höfnun sáttasemjara lengi vel. Þetta var lærdómsríkur tími fyrir verkfallsmenn. Varla nokkur þeirra hafði reynslu í verkfallsbaráttu, einangraðir og hjálparvana höfðu þeir fundið sig gegn ásælni atvinnurekandans. Félagið þeirra var aðeins nokkurra mánaða gamalt. Formaður þess var kornungur maður, Steingrímur Aðalsteinsson, núverandi forseti efri deildar Alþingis. Nú fundu þessir verkamenn að þeir voru voldugir mitt í fátækt sinni og einstæðingsskap. Þeir voru ekki lengur einangraðir heldur hlekkur í voldugri samtaka-
keðju, sem ekki aðeins spennti um hólmann okkar, heldur frá strönd til strandar. Samúðarkveður bárust að hvaðanæva frá verkalýðsfélögum og samskotafé barst frá Vestmannaeyjum, Ísafirði, Siglu-

firði og Akureyri.

Þessa dagana, og vegna verkfallsins, var stofnuð deild úr A.S.V. (Alþjóðasamhjálp verkalýðsins) á Akureyri er sá um framhaldsfjársofnun og úthlutun fjáris til fátækustu heimilanna.

Nú voru góð ráð dýr fyrir atvinnurekendastéttina. Voru ekki möguleikar á því að æsa sjómennina upp á móti verkfallsmönnum? Sjómennirnir gátu ekki lagt upp síld í Krossanesi vegna aðgerða verkfallsins. Blóðin og allt annað er hjálpað gat var sett í gang, en vopnið snérist við. V.S.N. boðaði til funda með sjómönnum á Akureyri og Siglufirði.

Á þessum fundum kom greinilega í ljós að sjómennirnir elskuðu Holdö hvorki yfirmáta né ofurheitt, því hann hafði nefnilega hafið það brautryðjendastarf hér á landi að

mæla síld sjómanna í stærri málum en upp var gefið, sem reyndar var frægt orðið. Sjómannafundir þessir lýstu yfir samúð sinni með deilu verkamannanna í Krossanesi og samþykktu kröfur um hærri síldarverð hjá verksmiðjunum og hótuðu róttækum aðgerðum ella.

Á einum fundi verkfallsmanna í Glerárþorpi mættu nokkrir aðkomusjómenn sem gestir. Þar talaði gamall sjómaður, Rósinkrans Ívarsson, (sumir Reykvikingar kannast við hann). Ræðuna man ég ekki en aftur á móti áhrifin. Ég held að hún hafi verið besta inn-takan sem verkfallsmenn fengu á þessum fundum sínum.

Er á leið deiluna fór Holdö að gefa sig, var fús á að semja um allt nema það, að landar hans fengju sama kaup og Íslendingarnir. Þeim vildi hann ráða sem hverju öðru kúgildi er fylgdi verksmiðjunni.

En þar fannst aldrei neinn bilbugur á körlunum í Krossanesi. Kjarabætur til handa erlendu stéttarbræðrunum samhliða þeirra eigin, var svo sjálfsgæður hlutur í þeirra augum að það var alls ekki umræðuvert.

Verkfallsmenn sigra

Þið megið kalla þetta hvað sem þið viljið, en mig hefur þetta dæmi sannfært betur en allt annað sem ég hef lesið um, hvað alþjóðahygga verkalýðsins er í eðli sínu göfug. En Holdö reyndi enn nýja



Unnið hörðum höndum í síldarverksmiðjunni í Krossanesi en það var mikið baráttumál að starfsmennirnir þar fengju jafnmikið borgað og verkamenn á Akureyri.

aðferð. Hún var að reyna að fá norsku verkamennina til að bregðast. Sumir voru frá afskekktum stöðum í Noregi, þar sem verkalyðshreyfingin var óþekkt. Þegar allt annað þraut hótaði hann þeim því að láta hætta greiðslum til fjölskyldna þeirra í Noregi, svo þær yrðu að svelta. Hann uppskar fyrirlitningu þeirra.

Tíminn leið. Síldin lætur ekki eftir sér biða, og reykháfurinn hékk ennþá í vírunum yfir vélahúsinu, þeir gátu slitnað og ekki mikill lögtaksfengur í reytum Krossaneskarlanna. En það voru nú samt ekki vírarnir sem biluðu fyrst, heldur taugar Holdö. Verkfallsmenn gengu loks inn á að senda mann, Einar Olgeirsson, til Reykjavíkur fyrir sína hönd, sér og honum að kostnaðarlausu.

Samningar tókust, verkfallsmenn sigruðu og verkfallinu var aflýst í júnílok. Fámennt, nýstofnað verkalyðsfélag vann glæsilegan sigur. Það var að vísu að þakka



Litlu drengirnir horfa spenntir á fullorðnu karlana vinna baki brotnu við síldarlöndun.

verkfallsmönnum sjálfum en ekki þeim einum, heldur engu síður róttækri forystu Verkalyðssam-

bands Norðurlands. V.S.N. græddi líka á þessari deilu. Það kom miklu sterkara út úr henni og áhrifaríkara

í þeim pólitísku veðrabrigðum er urðu næstu árin.

Vinnan, 9. tölublað, september 1944.

Starfandi verkalyðsfélög í Eyjafirði árið 2006

Eining-löja

Formaður: Björn

Snæbjörnsson

Innan félagsins eru fjórar deildir: Opinbera deildin, matvæladeildin, iðnaðardeildin og tækja-, flutninga- og byggingadeildin.

Fjöldi félaga: Rúmlega 4.900

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Formaður: Úlfhildur

Rögnvaldsdóttir

Fjöldi félaga: Um 1.500 virkir félagar

Félag byggingarmanna Eyjafirði

Formaður: Guðmundur

Ómar Guðmundsson

Fjöldi félaga: 370

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Formaður: Hákon Hákonarson

Fjöldi félaga: 296

Félag skipstjórnarmanna

Formaður: Árni Bjarnason

Fjöldi félaga: Um 1.200

á öllu landinu

Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannapjónustu

Formaður: Arna Jakobína

Björnsdóttir

Fjöldi félaga: Um 900

Rafvirkjafélag Norðurlands

Formaður: Helgi Jónsson

Fjöldi félaga: Um 200

Starfsmannafélag Ólafsfjarðarbæjar

Formaður: Guðbjörn

Argrímsson

Fjöldi félaga: 92

Sjómannafélag Eyjafjarðar

Formaður: Konráð Alfreðsson

Fjöldi félaga: 455

Sjómannafélag Ólafsfjarðar

Formaður: Gunnar Reynir

Kristinsson

Fjöldi félaga: 110

Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis

Formaður: Eggert H. Jónsson

Fjöldi félaga: 244

Alltaf opið til
22:00



Akureyri
Hafnarstræti 91 - 93
s: 461-5050
akureyni@penninn.is

Penninn Glerártorgi

Stærsta tónlistaverslun landsbyggðarinnar



GLERÁRTORG



*Eyfirsk
verkalýðshreyfing.*

*Til hamingju
með
aldarafmælið!*

PRICEWATERHOUSECOOPERS 
www.pwc.is

*Til hamingju með merkan áfanga
í mikilli sögu*



Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri

Skipagötu 14 · 600 Akureyri · Sími 462 1635 · Fax 461 1694

*Óskum eyfirskri verkalýðshreyfingu
til hamingju með daginn!*



Félag byggingamanna Eyjafirði
www.fbe.is

*Við sendum verkafólki
við Eyjafjörð
haminguóskir í tilefni dagsins
og þökkum samstarfið
á liðnum árum.*





Menn að störfum við tunnuverksmiðju á Akureyri árið 1960 en ca. þrjátíu árum áður varð uppi mikil deila vegna kjara síldartunnuverkamanna.

Nóvudeilan á Akureyri

Þó deila þessi hafi allajafna verið kennd við „Novu“ - eitt af skipum Bergenska gufuskipafélagsins - stóð hún í raun og veru alls ekki við það félag, heldur við bæjarstjórn Akureyrar og snérist um það hvort bæjarstjórnin léti greiða kauptaxta Verkamannafélags Akureyrar eða ekki við smíði síldartunna, sem bæjarstjórnin hafði ákveðið að láta framkvæma þá um veturinn. Steingrímur Aðalsteinsson skrifaði grein um Nóvu-deiluna í „Vinnuna“ í september 1946. Hér birtist endursögn þeirrar greinar en greinina í heild sinni má finna á heimasíðu Einingar-löðu, www.ein.is

Á kreppu- og atvinnuleysisárunum var verkafólk á Akureyri, sem annars staðar, aðþrengt vegna atvinnuleysis og lítilla tekna. Verkamannafélag Akureyrar hafði því um haustið 1932 uppi háværar kröfur til bæjarstjórnarinnar um að hún stofnaði til atvinnuframkvæmda þá um veturinn, til að forða sárustu neyðinni frá dyrum verkafólksins.

Bæjarstjórnin ákvað því að taka á leigu tunnuverksmiðju, sem Hjalti S. Espholin átti þá á Akureyri og láta smíða þar í „atvinnubótavinnu“ ca. 30 þúsund síldartunnur. Þar sem bæjarstjórnin leit á þetta sem hreint „góðverk“ við verkafólk bæjarins, vildi hún ekki taka á sig neina áhættu af rekstri tunnuverksmiðjunnar, heldur ætlaðist til að

áhættan hvíldi öll á þeim, sem verkið ynnu, þannig að þeir fengju í vinnulaun aðeins það, sem tunnumarnar kynnu að seljast fyrir, að frádregnum öllum kostnaði. Ef tunnumarnar seldust illa, eða önnur óhöpp yrðu á rekstrinum, átti það

að bitna á verkamönnum, en ekki bæjarsjóði.

Auðvitað neitaði Verkamannafélag Akureyrar að samþykkja slíkan grundvöll fyrir atvinnubótunum. Bauðst þá bæjarstjórnin til að tryggja verkamönnum ákveðið lágmark, þ.e. 70 aura fyrir hverja smíðaða tunnu. En af því vitanlegt var, af fyrri reynslu, að sú greiðsla mundi alls ekki svara til kauptaxta Verkamannafélags Akureyrar, hafnaði félagið einnig þessu tilboði.

Erfið aðstaða

Verkamannafélagið var í mjög erfiðri aðstöðu, því það þurfti að

knýja bæjarstjórnina til að framkvæma verk sem hún hafði engan áhuga fyrir að unnið yrði og jafnframt að hindra fulltrúa atvinnurekenda í bæjarstjórninni í því að nota þetta tækifæri til árása á launakjör verkamanna, sem upphaf að almennri lækun vinnulauna. En erfiðleikarnir voru fleiri og enn ískyggilegri, því í röðum hins vinnandi fólks fundust einnig óvinir. Þegar verkamannafélagið vildi ekki fallast á áðurnefnt fyrirkomulag við tunnusmiððið, leitaði bæjarstjórnin til Trésmiðafélags Akureyrar, og tókst, þótt undarlegt mætti heita af iðnfélagi, sem auðvitað hafði hærri kauptaxta en Verkamannafélag Akureyrar, að fá frá því tilboð um að taka að sér tunnusmiðina fyrir þau kjör, sem verkamannafélagið hafði hafnað. Seinna tókst þó að fá Trésmiðafélagið til að falla frá þessu tilboði sínu. En ekki var björninn þar með unninn!

Í bænum var svonefnt jafnaðarmanafélag, „Akur“, undir forustu Halldórs Friðjónssonar. Þetta pólitíska félag bauð nú bæjarstjórninni, að það skyldi útvega menn til tunnusmiðisins fyrir þau kjör, sem



Mynd tekin við Torfunefsbryggju en þar lagðist einmitt Nova að með tunnuverðarefnið sem átti að koma í veg fyrir að yrði lestað úr skipinu.

bæjarstjórnin vildi hafa og áður er lýst og gæti bæjarstjórnin þá látið verkamannafélagið sigla sinn sjó með sinn fordæmda kauptaxta.

Leið nú fram á miðjan vetur svo, að beðið var eftir tunnuefninu. Bættist þá enn á erfiðleika Verkamannafélags Akureyrar með því að Erlingur Friðjónsson og Halldór bróðir hans, sem tapað höfðu völdum í félaginu árið áður, framkvæmdu hinn illræmda klofning í félaginu. Tókst þeim að fá 80 - 90 manns til að ganga úr félaginu og stofna annað verkamannafélag - „Verklýðsfélag Akureyrar.“ Hljóp þáverandi stjórn Alþýðusambandsins (Alþýðuflokksins) undir bagga með þeim og rak Verkamannafélag Akureyrar úr Alþýðusambandinu, en tók klofningsfélagið inn. Átti nú sjáanlega að láta kné fylgja kviði gegn „kommúnistunum“ í Verkamannafélagi Akureyrar og sjá um að það fengi ekki staðið gegn launaárás bæjarstjórnarinnar.

Þrátt fyrir allt þetta lét Verkamannafélag Akureyrar ekki bugast, heldur ákvað að halda fast við kröfu sína um taxtakaup við tunnusmiðið og beita allri orku til að knýja það fram.

Baráttuaðferðin

Nú leið að þeim tíma, að helmingur tunnuefnisins skyldi koma til Akureyrar með e.s. „Novu.“ Varð því verkamannafélagið að ákveða

baráttuaðferð sína í þessu deilumáli við bæjarstjórnina. Ef tunnuefninu var skipað í land og flutt í geymslurúm tunnuverksmiðjunnar, þar sem það var tiltækt hvenær sem var, mátti búast við, eins og í pottinn var búið, með klofna verkalyðshreyfingu bæjarins og pólitískt félag, sem hafði boðist til að útvega taxtabrjóta, að myndast gæti langvarandi hernaðarástand um verksmiðjuna, þar sem verkalyðurinn berðist innbyrðis, annars vegar verkamenn úr hinu nýja klofningsfélagi þeirra Friðjónssona, sem vildu vinna samkvæmt kjörum þeim, er bæjarstjórnin bauð, hins vegar verkamenn úr Verkamannafélagi Akureyrar, sem höfðu ákveðið að knýja fram taxta sinn við þessa vinnu eins og aðra. Gætu þá fulltrúar atvinnurekenda í bæjarstjórninni farið sér að öllu rölega og horft kampakátir á bróðurvíg verkalyðsins. Því ekkert lá þeim á að framkvæma tunnusmiðið.

Verkamannafélagið ákvað þess vegna að hindra afgreiðslu „Novu“ og leyfa ekki, að tunnuefnið eða aðrar vörur, sem koma áttu með henni til Akureyrar, væri flutt í land fyrir en bæjarstjórnin hefði samið við Verkamannafélag Akureyrar um launakjör verkamanna við tunnusmiðið.

Var nú þessi vinnustöðvun undirbúin svo sem föng voru á. Verkavennafélagið Eining ákvað að taka þátt í deilunni og Verka-



Fánabærnir hafa eflaust sungið Söng verkamanna og greinilegt að ungir sem aldnir hafa tekið þátt.

mannafélag Siglufjarðar lofaði stuðningi sínum, ef til þyrfti að taka, og svo gerðu fleiri verkalyðsfélög innan Verkalyðssambands Norðurlands.

Vinnustöðvunin

Um kl. 10 f.h. að morgni þriðjudagsins 14. mars 1933 lagðist „Nova“ að Torfunefsbyggjunni á Akureyri og var bryggjan þá alveg troðfull af fólki. Verkalýðsfélagin höfðu fjölmennt og skipulagt lið karla og kvenna til vinnustöðvunarinnar. Og þegar „Nova“ hafði bundið landfestar, lýsti formaður Verkamannafélags Akureyrar verkbanni á skipið, nema hvað farþegum og pósti yrði leyft í land. Var nú verkamönnum, sem ráðnir höfðu verið til afgreiðslu skipsins, skipað til vinnu en lið verkalýðsfé-

laganna hindraði alla uppskipun. Gerðu þá verkamennirnir ekki fleiri tilraunir til að hefja vinnu, og þar við sat fram yfir hádegis.

Fógetinn kemur á vettvang

Það kom brátt í ljós, að bæjarstjórnin ætlaði ekki að gefast upp fyrir en í fulla hnefana, heldur hafði hún safnað að sér liði broddborgara og millistétta og hugðist hrekja verkafólkið úr varðstöðu þess á bryggjunni. Kom þetta lið á vettvang kl. 1 e.h. og var sjálfur bæjarfógetinn í broddi fylkingar. Hóf hann upp raust sína og skipaði verkamönnum, í nafni konungsins, að hefja vinnu, en verkfallsmönnum að hypja sig á brott ella skyldu þeir verra af hljóta!

Að sjálfsögðu var ekki tekið mark á þessu máli fógetans og að endingu skipaði hann liði sínu að hrekja verkfallsmenn af bryggjunni og laust fylkingunum saman. Beittu fógetinn og fulltrúi hans göngustöfum sínum og fleiri höfðu barefli á lofti. Verkfallsmenn hrundu þó árasinni og héldu öllum stöðvum sínum.

Fulltrúinn fann ráðið

Bæjarfógetinn hafði nú sem herforingi fengið sig fullreyndan og kom ekki aftur á vígvöllinn, heldur fól fulltrúa sínum forustuna - enda hafði fulltrúanum nú komið mikið snjallræði til hugar. Hann hafði lát-ið sækja kaðal einn mikinn og var farið með hann fram á bryggju-



Fjöldi manns mættur í kröfugöngu og hefur safnast saman fyrir framan Kaupfélag verkamanna.

*Óskum eyfirskeiðs verkafólksins
til hamingju með daginn!*



FÉLAG MÁLMIDNAÐARMANNA AKUREYRI
www.fma.is

*Til hamingju með
aldarafmælið!*



Sjómannafélag
Eyjafjarðar
www.sjoey.is

*Eyfirskt verkafólk.
Til hamingju með daginn!*



SVÆÐISVINNUMIDLUN
NORÐURLANDS EYSTRA
www.svm.is

*Til hamingju með merkan áfanga
í mikilli sögu*



www.efling.is

*Eyfirskt verkafólksshreyfing.
Heill þér, hundrað ára!*



Verkalýðsfélagið Hlíf
www.hlif.is

*Verkafólk við Eyjafjörð.
Heillaóskir á 100 ára afmælinu!*



Verkalýðs- og Sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis
www.vsfk.is

*Til hamingju með
hundrað árin!*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland
www.flugfélag.is



VATN • RAFORKA • VARM



RANGÁRVÖLLUM, PÓSTHÓLF 90 • 602 AKUREYRI
SÍMI 460 1300 • FAX 460 1301
nordurorka@no.is • www.no.is

NORÐURORKA

Óskum eyfirkri verkalýðshreyfingu til hamingju með daginn!

 SBA-NORÐURLEIÐ www.sba.is	 Viðar ehf - Frostagötu 6c - 603 Akureyri Sími 462 2831 - Fax 462 7761 amaro@amaro.is	 www.iss.is
 BSO Bífreiðastöð Oddeyrar Sími 461 1010	 SECURITAS AKUREYRI HF. Sími 460 6261	Stál heildsala Zinkhúðun Stálsmiði Sandblástur & Málmuðun www.sandblastur.is
 GÁMAÞJÓNUSTA NORÐURLANDS EHF. BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ www.gamur.is	 BLIKKRÁS EHF GÍSEYRI 16 • 603 AKUREYRI www.blikkras.is	SÍB Samtök starfsmanna fjármálaframtækja www.sib.is
 Höldur ehf. www.europcar.is	 Ferðaskrifstofa Akureyrar www.aktravel.is	 Landsvirkjun www.lv.is
LJÓSGJAFINN SIEMENS Tilheyminn fjölskyldunnar Glerárgötu 34 • Sími 460 7788 ljosgjafinn@ljosgjafinn.is www.ljosgjafinn.is Raðgreiðsla www.ljosgjafinn.is	saeplast www.saeplast.is	 SJÓVÁ www.sjova.is
 ...þegar þér hentar www.10-11.is	 spól SPARISJÓÐUR ÓLAFSEJFARÐAR www.spol.is	 Verkalýðsfélag Borgarness www.verkborg.is
 EKRAN Hitt T elniðs fjögurmsins www.ekran.is	 Sparisj ur Svarfd la - Dalvík R h si ¥ S mi: 460 1800 ¥ www.spar.is/dalvik/	 Félag skipstjórnarmanna www.officer.is
 KJARNAFÆÐI www.kjarnafaedi.is	 Sparisj ur H f hverfinga Ægissíðu 7 601 Grenivík Sími: 463-3160 Fax: 463-3217 www.spsj.is	 J.L. Samúelsson Sími 436 1341
ÁSBYRGI - flóra Frostagötu 2a, 603 Akureyri, Sími 462 3280 & 461 1155	 SÍMEY SÍMONTUNARHJÓSTÖÐ STJÓFNAÐAR www.simey.is	 NS NEYTENDASAMTÖKIN www.ns.is
nýja kaffibrennslan Sími 460 3800	 RAFTÁKN Glerárgötu 34 • 15-600 Akureyri Sími 464 6400 • Fax 464 6411 raftakn@raftakn.is • www.raftakn.is	 TÖLVUFRÆDSLAN AKUREYRI www.tf.is
 Skyrr skyr.is	 Verkfræðistofa Norðurlands ehf. www.nm.is	 LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA Sættúni 1 • 105 Reykjavík • Sími 563 6450 Fax 563 6401 • Heimsíða www.ll.is



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

Mitt kort hjá Landsbankanum

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/STA.IS LBI 31067 01/2006



Edda Ýr Garðarsdóttir
Mamma

Farðu inn á landsbanki.is og búðu til þitt **eigið kort**

GULLVILD

- vertu góðu vanur

*Í Gullvild færðu betri kjör
og frábæra þjónustu*

Þinn ávinningur:

- 200 fríar debetkortafærslur
- 6% endurgreiðsla vaxta
- Ókeypis gulldebetkort
- Ókeypis greiðsluþjónusta
- 50% afsláttur af gullkreditkort
- Betri vaxtakjör

GULLVILD ÍSLANDBANKA er heildarþjónusta sem hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum og skilar drjúgum ávinningi í formi afsláttar og endurgreiðslu. Auk þess standa þér ýmsir þjónustupættir til boða þér að kostnaðarlausu.

Fáðu nánari upplýsingar um Gullvild hjá þjónustufulltrúum okkar, í þjónustuveri í síma **440 4000** og á **isb.is**.



ÍSLANDBANKI | 100%